



Í gærkvöldi var ákveðið að stækka rýmingarsvæðið á Seyðisfirði. Davíð Már Bjarnason, upplýsingafultrúi Landsbjargar, sagði í samtali við Fréttablaðið að tilkynningar um háværar drunur úr fjöllum væru að berast. Hann segir ljóst að mörgum íbúum hafi verið brugðið. Fjöldahjálparstöð Rauða krossins var opnuð þar sem á fimmta tug höfðu farið í gegn. „Hótelíð var opnað til að skjóta skjólshúsi yfir folkíð og svo hafa bæjarbúar einnig boðið fram aðstoð sína,” sagði Guðjón Sigurðsson, sjálfboðaliði Rauða Krossins. Sjá síðu 2 MYND/ÓMAR BOGASON

Meiri vaxtabyrði vofir yfir ríkissjóði

Íslenska hagkerfið þarf hærri skatta, meiri hagvöxt eða meiri niðurskurð en önnur samanburðarríki, sem þurfa einnig að skuldsetja sig vegna kórónakreppunnar. Vextir á ríkisskuldabréfum hafa farið hækkandi. Erlend lántaka ríkisins getur skipt sköpum.

VIÐSKIPTI Hækkun langtíma vaxta veldur því að íslenska ríkið er verr í stakk búið til að rétta úr kútnum en ella í samanburði við önnur vestræn ríki sem búa við betri vaxtakjör og sjá fram á hlutfallslega minni skuldasöfnun vegna kórónakreppunnar.

„Aukning skulda leggst því þyngra á íslenska ríkið sem þarf meiri skattheimtu, niðurskurð eða hagvöxt til að grynka á skuldum í framtíðinni,” segir Ingólfur Bender, aðalhafrafræðingur Samtaka iðnaðarins. „Við

þurfum að fara mjög varlega í þessu.“

Ef gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs 2025, um 65 prósent af landsframleiðslu samkvæmt fjármálaáætlun, verði á þeim vöxtum sem ríkið fjármagnar sig á til tíu ára eins og staðan er í dag, um 3,3 prósent, þá verður vaxtabyrði ríkissjóðs 2,14 prósent af landsframleiðslu.

Til samanburðar verður vaxtabyrði Grikklands um 0,98 prósent af landsframleiðslu en Alþjóðagjaldveirissjóðurinn gerir ráð fyrir að

Lífeyrissjóðirnir geta ekki látið undan þrýstingi um að fjármagna ríkisskuldur.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða

skuldahlutfall hins opinbera í Grikklandi verði um 166 prósent 2025. Þar sem tíu ára vextir eru neikvæðir, svo sem í Svíþjóð, Danmörku og Finn-

landi, verður vaxtabyrðin neikvæð.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, hagfræðingur SA, segir að aukin skuldsetning ríkissjóðs muni að öllum líkindum leiða til þess að hækka þurfi skatta til að standa undir óbreyttum útgjöldum. Ekki sé hægt að reida sig á að hagvöxtur grynki skuldir ríkissjóðs.

„Það er óábyrgt að treysta á slíkan vöxt og hafa þarf hugfast að sögulega lágt vaxtastig endurspeglar einmitt dræmar hagvaxtarhorfur.“

Á sama tíma og hið opinbera stendur frammi fyrir gifurlegri lánsfjárför eru lífeyrissjóðir að minnka vægi ríkisskuldabréfa í eignasafni sínu. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir sjóðina ekki geta „látið undan þrýstingi um að fjármagna ríkisskuldur. Innan lífeyriskerfisins ríki skilningur á fjárförum ríkisins en sjóðirnir séu hins vegar ekki „hagstjórnartæki sem ríkið gripur til þegar gefur á bátinn.“ – pfh / sjá Markaðinn

Yfirtökuskyldu verði breytt

VIÐSKIPTI Gildi hefur farið þess á leit við fjármálaráðuneytið að reglur um yfirtökuskyldu verði teknar til endurskoðunar. Þar verði horft til þess að taka upp endurtekna tilboðs-skyldu sem myndi stofnast þegar aðili ræður fyrst yfir 40 prósentum og síðan 50 prósentum.

Telur Gildi, sem hefur þurft að taka afstöðu til yfirtökutilboðs í Eimskip og núna Skeljunga, að reglurnar tryggji ekki nægjanlega réttarvernd minnihluta hluthafa.

„Yfirtökutilboðin hafa sýnt að hluthafar geti átt á hættu að læsast inni sem áhrifalitrir eigendur ef þeir samþykkja ekki það tilboð sem er sett fram þegar 30 prósentu þröskuldinum er náð,” segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis. – hae / sjá Markaðinn



Pau Mikael og Berglind Alda.

Tökum að ljúka á Krakka kaupum

LÍFID „Þetta eru síðustu tókudagarnir og það er allt að smella,” segir Berglind Alda Ástþórsdóttir, sem ásamt Mikael Kaaber stýrir Krakka kaupum RÚV sem sýnt verður 30. desember

Þetta er í annað skipti sem þau stýra kaupinu og stóðu þau frammi fyrir því að pakka árinu 2020 í gleðibúning fyrir þau yngstu. – be / sjá síðu 24



Sveinn Andri gaf skýrslu í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Skiptum lokið eftir fjögur ár

DÓMSMÁL Skiptameðferð á protabúi EK1923, áður heildsölu Eggerts Kristjánssonar, lauk í gær eftir fjögurra ára skiptameðferð. Skiptin voru ekki átakalaus en það gekk á með stöðugum kærnumálum skiptastjórans Sveins Andra Sveinssonar og Skúla Gunnars Sigfússonar, fyrrum forsvarsmanns félagsins, á hendur hvor öðrum.

Sveinn Andri höfðaði fjölda riftunarmála við skiptameðferðina og Skúli kvartaði ítrekað undan störfum hans.

Í tilkynningu um lok skiptanna segir Sveinn Andri að 6,8 milljónir hafi verið á reikningum félagsins þegar það var tekið til gjaldþrotaskipta. Sjö dómsmálum síðar hafi eignir búsins staðið í 635 milljónum króna.

„Mikið hefur gengið á við skipti þessa bús og mörgu tjaldað til. En það sem skiptir máli þegar upp er staðið, með góðu samstarfi skiptastjóra og lögmannna kröfuhafa, er að gjaldþrotaskiptameðferð EK1923 ehf. er sú árangursríkasta í sögu íslensks gjaldþrotaréttar,“ segir í tilkynningu skiptastjórans sem var augljóslega ánægður með málalýktir.

Búskröfur og forgangskröfur hafi fengið greiddar og skiptum lokið með því að almennar kröfur voru greiddar að fullu. Rómur helmingur eftirstæðra krafna fengust greiddar.

Héraðssaksóknari höfðaði mál gegn forsvarsmönnum félagsins. Sakamálið á rætur að rekja til þess að Sveinn Andri kærði Skúla og viðskiptafélaga hans til embættisins vegna fjármálagerninga á árinu 2016. Eftir rannsókn Héraðssaksóknara voru Skúli og tveir viðskiptafélagar hans ákærðir fyrir skilasvik. Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og var Sveinn Andri meðal þeirra sem gáfu skýrslu fyrir dómi. Gerði hann þar grein fyrir því hvernig sakarefni málsins blöstu við honum sem skiptastjóra. – aa

Afreksfólk útnefnt



Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir frjálsíþróttakona úr FH og Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður úr Víkingi voru í gær útnefnd íþróttafólk ársins hjá íþróttasambandi fatlaðra. Þetta er í þriðja skipti í röð sem Bergrún Ósk er kjörin íþróttakona ársins hjá félaginu en í fyrsta skipti sem Hilmar Snær er útnefndur íþróttamaður ársins. Hilmar Snær er jafnframt fyrsti vetrariþróttamaðurinn til að fá þá útnefningu hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opnunartímar í sundi lengdir en brennum aflýst

COVID-19 Opnunartími sundlauga verður lengdur víða yfir hátíðirnar til að koma til móts við mikla aðsókn og til að koma í veg fyrir hópamyndun í sundi.

Samkvæmt reglugerð er aðeins 50 prósent af hámarksfjölda gesta leyfilegur í laugunum. Í ljósi hópamyndunar í heitum pottum síðustu daga hafa laugar tekið á móti færri gestum.

Til dæmis tekur tekur Sundhöll Reykjavíkur nú á móti 100 gestum í einu í stað 120 sem leyfilegt er. Þá tekur Sundlaugin á Akureyri á móti 25 prósentum af leyfilegum fjölda.

Áramótabrennum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið aflýst, einnig til að koma í veg fyrir hópamyndun. Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á föstudag. Brennum í Ólfus hefur einnig verið slegnar á frest – ab

Manni finnst eins og allt sé að fara af stað

Engin slys urðu á fólki þegar aurflóð féll úr Botnum við Seyðisfjörð en almannavarnir rýmdu fjórar götur og opnuðu fjöldahjálparstöð. Gifurleg rigning hefur verið og eru íbúar uggandi yfir ástandinu enda spáir rigningu áfram.

SEYÐISFJÖRÐUR „Hér rignir og rignir og rignir og rignir og manni finnst eins og allt sé að fara af stað fyrir ofan byggðina. Það er allt orðið gegnsósa og það spáir áframhaldandi rigningu þannig að okkur stendur ekki alveg á sama,“ segir Þórunn Hrund Óladóttir, skólastjóri Seyðisfjarðarskóla, um aurflóðin sem féllu á bæinn í gær.

Almannavarnir rýmdu íbúða- og atvinnuhúsnæði tímabundið í fjórum götum neðan við svokallaða Botna þadan sem flóðin komu. Fjöldahjálparstöð Rauða krossins var opnuð í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði þar sem Rauði krossinn veitti aðhlyningu þeim er þangað leituðu og var elduð súpa fyrir þá sem fengu ekki inni annars staðar, því flestir leituðu skjóls hjá ættingjum.

Engin slys munu hafa orðið á fólki, samkvæmt tilkynningu almannavarna, en vitað er að skriða náði að tveimur húsum að minnsta kosti og flæddi inn í nokkur önnur. Óvist er með skemmdir en það ætti að skýrast betur í dag.


„Ég fór og reyndi að ná myndum af þessu fyrr í dag og ég hef aldrei séð svona. Þetta eru nokkuð stórar spýjur og alveg heilmikið,“ segir Ómar Bogason sem fór út í finum og góðum galla en snéri heim skítugur nánast upp fyrir haus. „Ég held að við getum þakkað fyrir að það hafi ekki orðið nein slys í svona.“

Enn er óvissustig vegna skriðu-hættu á svæðinu enda gerir veður-spá ráð fyrir áframhaldandi rigningu, jafnvel út vikuna.

„Það er búð að rýma bræðsluna og við munum ekki byrja að vinna í frystihúsinu samkvæmt tilmælum lögreglunnar þannig að það fer



Aurinn rann um svokallað svæði C í bænum. MYNDIR/ÓMAR BOGASON



Norræna liggur sem fastast við bryggjuna þrátt fyrir aurinn og leðjuna.

enginn inn á svæðið,“ segir hann og bætir við að hann hafi aldrei séð aðra eins rigningu í desember. „Sem betur fer er verið að rýma. Botnar geta verið lausir í sér og það er mikið vatn á ferðinni. Það er erfitt að lýsa þessu en maður sá á götunum að

það var mikið vatn á ferðinni,“ segir Ómar sem var búinn að vinna að því að færa sitt fólk á örugga staði.

Samkvæmt almannavörnum er óvist hvenær íbúar geta snúið til síns heima en staðan verður metin í dag. benediktboas@frettabladid.is



HAFNARTORG

REYKJAVÍK

#MHOME

Optical Studio



COS

ICE + FRIES



COLLECTIONS

GK



GALLERIA

MICHELSSEN
1909

H&M



Jólagjöfin er 66°Norður

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

Fyrirverandi skipverji á Júlíusi Geirmundssyni í mál við útgerðina

DÓMSMÁL Fyrirverandi skipverji á togaranum Júlíusi Geirmundssyni hefur stefnt útgerðinni Hraðfrystihúsinu Gunnvöru fyrir ólögmeta uppsögn. Hafði hann starfað á skipinu í tæp níu ár til ársins 2016 en býr nú í Noregi.

Jónas Þór Jónasson, lögmaður mannsins og Félags velstjóra og málmæknimanna, segir hann hafa glímt við skammvinn andleg veikindi og slitið hásin í bumbolta. Þá hafi hann verið látinn

fara. Krafan í málinu sé rúmar 5 milljónir króna vegna launa á uppsagnarfresti. „Hann er hörkuduglegur, er á sjó í Noregi núna og í góðum málum,“ segir Jónas.

Jóhannes Bjarni Björnsson, lögmaður útgerðarinnar, vildi ekki tjá sig um ástæður uppsagnarinnar. Báðir lögmennt staðfestu að sættir hefðu verið reyndar en ekki tekist.

Í haust blossaði upp hópsmit af COVID-19 á togaranum og er það mál nú til rannsóknar hjá lög-

reglunni á Vestfjörðum. Í sjóprófi í lok nóvember vitnuðu skipverjarnir um þrýsting til að vinna þrátt fyrir veikindi og ótta við að missa vinnuna.

„Það kom fram í sjóprófunum, og menn vita það, að ef þeir verða veikir missa þeir vinnuna,“ segir Jónas. „Þeir geta ekki haft sjálfstæða skoðun á einu eða neinu, enda með fjölskyldur til að sjá fyrir. Það er allt undir. Því miður er þrælsóttinn ríkjandi.“ – khg



Togarinn ísfriski hefur verið mikið í fréttum í haust. MYND/GUÐM. SIG.

Endurgjald fyrir nýtingu

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur segir að hagstætt gjald til Hitaveitu Mosfellsbæjar, HM, sé endurgjald fyrir nýtingu á jarðhitaauðlindum í bæjarfélaginu.

Líkt og greint var frá í gær sagði Eyþór Arnalds, stjórnarmaður í Orkuveitunni, það sláandi að talsverður verðmunur væri á gjaldskrá HM og Veitna þó að um sama vatn væri að ræða.

Í tilkynningu frá OR segir að tveir samningar hafi verið gerðir árið 1998, annars vegar um kaup HM á heitu vatni á 40 prósentum smá-söluverðs og hins vegar um kaup á vatnsréttindum Mosfellsbæjar. „Mosfellingar njóta þannig áfram þeirra náttúrugæða sem þeir létu af hendi og á sama tíma var styrkum stóðum skotið undir vatnsöflun Hitaveitu Reykjavíkur fyrir höfuðborgarsvæðið til langrar framtíðar,“ segir í tilkynningunni. – ab

Dæmdir fyrir nauðgun á Krít

DÓMSMÁL Tveir þýskir karlmenn á fertugsaldri hafa verið dæmdir fyrir að nauðga níttján ára íslensku stúlku á eyjunni Krít í júní á síðasta ári. Mennirnir fengu fjögurra og fjögurra og hálf árs fangelsisdóma fyrir brotið. The Sun greinir frá dómnum á vef sínum.

Stúlkan var á skólaferðalagi og var að labba heim þegar mennirnir tveir drógu hana inn í húsaðun þar sem þeir nauðguðu henni til skiptis og skildu hana síðan eftir. „Takk fyrir mig,“ sagði annar maðurinn. Stúlkunni tókst að koma sér upp á hótelið, þrátt fyrir töluverða áverka, þar sem hún tilkynnti ofbeldið. Réttarhöld voru haldin vegna málsins í Grikklandi og ferðaðist stúlkan þangað ásamt móður sinni til að bera vitni. Mennirnir tveir neituðu báðir sök og kváðust aldrei hafa hitt stúlkuna. – kdi

Rafbílar eru auðlindafrekari en hinn venjulegi bensínbíll

Ný rannsókn segir að til að Reykjavíkurborg nái markmiðum um Parísarsáttmálann þurfi að draga úr einkabílaeign, þetta byggð, minnka ferðaþörf með fjarvinnu og auka hlut almenningsgangna. Ein niðurstaða rannsóknarinnar er að stjórnvöld þurfi að horfa til óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda.

SAMGÖNGUR Rafvæðing samgangna í Reykjavík dugar skammt ef íbúar vilja standa sína plikt gagnvart Parísarsáttmálanum og ná markmiði Reykjavíkurborgar um kolefnislausar samgöngur árið 2040.

Til þess þarf að auki að draga úr einkabílaeign, þetta byggð, minnka ferðaþörf með fjarvinnu og stórauðka hlut almenningsgangna, gangandi og hjólandi í umferðinni. Þetta er ein meginniðurstaða nýrrar rannsóknar þar sem skoðað er hvaða leið sé best að fara til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum í Reykjavík fram til ársins 2050. Höfundar hennar skoðuðu sex mismunandi sviðsmyndir út frá áhrifum á beina og óbeina losun frá samgöngum.

Með beinni losun er hér átt við útblástur frá farartækjum en óbeina losunin verður einna helst til við framleiðslu bifreiða. Þrátt fyrir að aðurnefndar aðgerðir rími vel við yfirlýsta stefnu borgarmeirihlutans bendir rannsóknin til að núverandi aðgerðir Reykjavíkurborgar dugi ekki til þess að ná núverandi markmiðum fyrir árið 2040, jafnvel þó einungis væri horft til beinnar losunar. Óbeina losun hefur ekki áhrif á skuldbindingar íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsáttmálanum. Höfundar segja það þó ekki eiga að leiða til þess að horft sé fram hjá þeirri losun þar sem áhrif losunarinnar séu ekki bundin landamærum.

Jukka Heinonen, prófessor við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, er einn þeirra sjö vísindamanna sem unnu að rannsókninni. Hann segir að sé einungis



Einkabílaeign í Reykjavík er hlutfallslega sú mesta í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Jukka Heinonen, prófessor við HÍ

horft til beinnar losunar frá samgöngum birtist sú talsýn að rafvæðing bílaflotans leiði ein og sér til góðrar niðurstöðu fyrir Íslendinga. „En þegar þú horfir til heildarlosunar á heimsvísu þá blasir önnur

mynd við.“ Hann segir misræmið vera sérstaklega skarpt í ljósi þess að framleiðsla rafbílanna sé auðlindafrekari en framleiðsla annarra bíla. Þá þyrfti mikinn fjölda rafbílanna til að endurnýja flotann ef ekki yrði líka dregið úr einkabílaeign í Reykjavík þar sem hún sé nú hlutfallslega mest í Evrópu.

„Ef rafvæðing fylgir enginn samdráttur í einkabílaeign eða breytingar á ferðavenjum þá munum við einungis sjá tiltölulega vægan samdrátt í heildarlosun gróðurhúsaloft-

tegunda á heimsvísu.“ Sú niðurstaða myndi ekki duga til að efna markmið Parísarsáttmálans.

Jukka segir að ein meginniðurstaða rannsóknarinnar sé að stjórnvöld þurfi ekki síður að horfa til óbeinnar losunar gróðurhúsalofttegunda í loftslagsaðgerðum sínum. „Ef við viljum breyta núverandi þróun í loftslagsmálum með skjóttum hætti þá dugur ekki að falla fyrir talsýn og færa losunina bara eitt-hvert annað.“

eidur@frettabladid.is

FERSK, FYNDIN OG FORVITNILEG

Fyrstu þrjár ljóðabækur **Einars Más Guðmundssonar** eru nú gefnar út að nýju, þrjár saman í einni, í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin síðan skáldið þusti fram á sjónarsviðið.





Way of Life!

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID

SUZUKI ACROSS TENGILTVINNBI LLINN ER
SPARNEYTINN, UMVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR
SPORTJEPPI.

EIGUM FÁEINA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX



4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílunum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Tillaga að matsáætlun

Samherji Fiskeldi ehf auglýsir tillögu að matsáætlun vegna stækkunar fiskeldisstöðvarinnar að Stað í Grindavík samkvæmt reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr.660/2015. Framleiðsluaukning er 9.000 tonn á ársgrundvelli og verður framleiðslan 12.000 tonn að loknum framkvæmdum.

Tillagan er auglýst í Fréttablaðinu og Víkufréttum 16. desember 2020. Almennangi er gefinn kostur á að kynna sér tillöguna á vefsíðunni www.samherji.is og gera athugasemdir við hana til og með 31. desember 2020.

Athugasemdir sendist á netfangið gdd@samherji.is eða í pósti :

Samherji Fiskeldi
Glerárgötu 30, 600 Akureyri

Mikil blóðtaka fyrir Vegagerðina

SAMGÖNGUR Vegagerðin mun bæta öikumönnum það tjón sem orðið hefur á ökutækjum þeirra vegna blæðinga á köflum Hringveggarins milli Borgarfjarðar og Skagafjarðar. Ljóst er að tjónið hleypur á milliönnum en fjárhagslegt tjón vegna skemmda á veginum sem verður við þessar aðstæður gæti orðið mun kostnaðarsamara fyrir Vegagerðina en bætur vegna skemmda á bílum.

„Aðstæðurnar þarna eru það lúmskar núna að það er mjög erfitt fyrir fólk að vara sig á þessu þó að við séum búin að vara við,“ segir G.

Aðstæðurnar þarna eru það lúmskar núna að það er mjög erfitt fyrir fólk að vara sig á þessu þó að við séum búin að vara við.

G. Pétur Matthíasson, upplýsinga- fulltrúi Vega- gerðarinnar



Pétur Matthíasson upplýsinga- fulltrúi Vegagerðarinnar í samtali við Fréttablaðið.

Pétur segir að blæðingar á veginum séu með þeim verstu sem hann þekki til. Þegar bikklæðning er lögð er lagt steinefni yfir bikið á veginum. Þegar skyndilega hlýnar í veðri eftir frost kemst raki í bikið undir steinefnalaginu. Umferð þungra ökutækja pumpar svo bikinu upp við þessar aðstæður um pínulitlar holur á efsta laginu, svo litlar að það er mjög erfitt að átta sig á því hvar á veginum bikið kemur upp. – ókp

Fingraför og andlit greind á landamærum

Stór breyting verður gerð á landamæraeftirliti með fólki utan Schengen- svæðisins árið 2022 þegar taka á nýtt lífkennakerfi í notkun. Þar býr að baki gagnagrunnur ESB og verður einnig hægt að nota kerfið við löggæslu.

SAMGÖNGUMÁL Nýtt landamæra- kerfi frá franska fyrirtækinu Idemia verður tekið í notkun á fyrri hluta árs 2022. Verður þetta töluverð breyting fyrir farþega utan Schengen-svæðisins en hefur ekki áhrif á Íslendinga eða aðra borgara innan þess. Sett verða upp sjálfvirk hlið og stöðvar á flugvöllum og höfnum landsins þar sem andlit og fingraför eru skönnuð.

Jón Pétur Jónsson, yfirlöggreglu- þjónn og sviðsstjóri landamæra- sviðs hjá Ríkislögreglustjóra, segir kerfið lið í að uppfylla Evrópu- reglugerð sem taki að fullu gildi árið 2022. „Þetta er talsvert mikil breyting og krefst undirbúnings. Við munum reyna að nýta okkur sjálfvirkniæðinguna eins og við getum,“ segir hann. Með lögreglu- unni stendur Isavia að innleiðingu kerfisins sem rekstraraðili Kefla- víkurflugvallar.

Þegar borgarar utan Schengen koma í fyrsta skipti verða þeir skráðir inn í kerfið með fingrafari og mynd. Er skráningin staðfest af landamæraverði og gildir í þrjú ár. Þegar þeir fara út af svæðinu er aftur tekin mynd og borin saman við þá sem er í kerfinu. Er þetta gert meðal annars til að sjá hvort fólk hafi dvalið lengur en heimilt er og leysir þá af hólmi stimpil í vegabréf.

Jón segir að hægt sé að nota kerfið annars staðar en á landa- mærum. „Til dæmis ef einstaklingar sem eru skilríkjalausir gera ekki grein fyrir sér við afskipti löggæslu þá er hægt að sannprófa þá með því að bera þá saman við gagnagrunninn,“ segir hann. Evrópusambandið er nú að koma upp sameiginlegum lífkennagagnagrunni fyrir allt Schengen-svæðið.



Kerfið mun anna 2.500 farþegum á klukkutíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það gilda mjög strangar reglur um notkun þessara gagna.

Jón Pétur Jónsson, yfirlöggregluþjónn og sviðsstjóri



Fyrirtækið hefur þó ekki sloppið við gagnrýni. Í frétt AP frá því í fyrra er sagt frá áhyggjum áhugasamra unnetöryggismál um að Idemia geti verið viðkvæmt fyrir netarásum. Annaðhvort frá einstökum netglæpamönnum eða öðrum ríkjum. Einnig að hættulegt sé að svo miklar upplýsingar safnist fyrir á einum stað, í tilfelli Bandaríkjanna séu þetta lífkennaupplýsingar um fólk frá mörgum ríkisstofnunum sem kaupir þjónustu af Idemia.

Idemia er stærsta lífkennafyrirtæki heims og hefur reynslu af því að starfa með ríkisstjórnunum. Til að mynda hefur það umsjón með langflestum ökuskrifteinum í Bandaríkjunum. Það var stofnað árið 2017 eftir samruna fyrirtækja sem höfðu starfað síðan snemma á níunda áratugnum.

„Það gilda mjög strangar reglur um notkun þessara gagna,“ segir Jón Pétur, aðspurður um persónuverndarsjónarmið og öryggi þeirra gagna sem safnað verður. „Þetta uppfyllir löggjöf um persónuvernd og Evrópusambandið sýnir mikla varkárni með þetta.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

Stjórn OR vill ekki fylla Árbæjarlónið að nýju

REYKJAVÍK Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felldi tillögu um að fylla aftur í Árbæjarlón á meðan unnið er að lausn í samræmi við til- mæli stýrihóps um Elliðaárdalinn. OR tæmdi lónið varanlega í október síðastliðnum þar sem lónið gegndi ekki lengur hlutverki sínu.

Líkt og greint var frá í byrjun mánaðarins telur skipulagsfulltrúi tæminguna ekki vera í samræmi við deiliskipulag og að ákvörðunin hafi ekki verið tekin í samræði við skipulagsyfyrirvöld. Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sagði hins vegar að samráð hefði verið haft við fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs. Þorkell Heiðarsson, formaður stýrihópsins, segir málið enn í vinnslu.



Árbæjarlón var tæmt varanlega í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Árbæjarlón var vatns- miðlun fyrir Elliðaárstöð sem rekin var frá árinu 1921 til 2014.

„Það er enn þá verið að skoða málið frá öllum hliðum og ræða við þá aðila sem að þurfa að koma að slíkum málum, það er ekkert um það að segja,“ segir Þorkell. – ab

**PR
VERK**



GETUM BÆTT VIÐ OKKUR VERKEFNUM!

- Parketlagn
- Uppsetning á innréttingum
- Ísetning á hurðum og gluggum ásamt allri almennri smíðavinnu

Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.

Ívar Guðmundsson – sími: 769 1049

Steve Roberts – sími: 772 2612 – steve@prverk.is

PARTÝBÚÐIN

Hvernig væri að græja áramótin fyrir jólf? Fri heimsending*

*ef verslað er fyrir 10.000 kr eða meira (gildir ekki um hraðsendingar)
Faxafeni 11 108 Reykjavík S: 5340534 www.partybudin.is

SKRÁÐU ÞIG Á
PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ

Mest seldi hryggurinn í Hagkaup

Í fyrra seldist hann upp!

SALTMINNI
Þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur
í ofni, eða 65 °C
í kjarnhita

HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr 1. flokks hráefni

Hagkaup
mælir
með

Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfínnlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

HAGKAUP



Kolefnislægri orkugjafar á borð við vindorku munu fá aukið fjármagn.

ESB hverfur frá jarðgös

EVROPA Evrópusambandið (ESB) stefnir á að ná loftslagskuldbindingum með því að beina fjármögnun frá verkefnum sem notast við jarðgös yfir til þróunar á kolefnislægri orkugjöfum. Þetta kemur fram í reglum sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði til í gær.

Um er að ræða breytingu á reglum ESB sem skilgreina hvaða orkuverkefni standist kröfur um að fá fjármögnun og önnur leyfi frá sambandinu.

➔ Evrópusambandið stefnir á að ná kolefnishlutleysi fyrir 2050.

„Því nær sem við komumst markmiðinu um hlutleysi í loftslagsmálum, því meira verður jarðgasi skipt út fyrir endurnýjanlega orkugjafa,“ sagði Kadri Simson, orkumálastjóri ESB, og vísaði til markmiðs sambandsins um að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.

Verði reglurnar samþykktar mun fjármögnun til þróunar á lágkolefnisorkugjöfum á borð við vindorkuver aukast til muna. – atv

Boko Haram lýsa yfir ábyrgð

NÍGERÍA Hryðjuverkasamtökin Boko Haram hafa lýst yfir ábyrgð á árás á grunnskóla í Katsina fylki í norðurhluta Nígeríu fyrir helgi.

Yfir 300 barna er enn saknað eftir að árásarmenn vopnaðir hriðskotabyssum réðust inn í skólann og höfðu nemendur með sér á brott. Að minnsta kosti 600 nemendum tókst að komast undan á meðan árásarmenn tókust á við lögreglu.

Nígerískir fjölmiðlar greina frá því að Abubakar Shekau, leiðtogi Boko Haram, hafi sent hljóðskilaboð þess efnis að samtökin hafi staðið að baki árásinni sem hafi verið framin til að sporna gegn vestrænni menntun sem fari gegn gildum islamstrúar. – atv

Suður-Kórea bannar sendingar á áróðursefni til Norður-Kóreu

SUÐUR-KÓREA Stjórnvöld í Suður-Kóreu hafa lagt bann við sendingum á áróðursbæklingum yfir landamærin til Norður-Kóreu.

Flóttamenn frá Norður-Kóreu, og annað baráttufólk í Suður-Kóreu, hafa áratugum saman sent skilaboð yfir landamærin, ýmist með gasblöðrum eða flöskuskeytum. Auk áróðurs hafa þeir einnig sent mat,



Áróðrinum var meðal annars dreift með blöðrum og flöskuskeytum

lyf og USB-kubba með fréttum og afþreyingarefni frá Suður-Kóreu.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa lengi fordæmt þessar sendingar en bannið, sem samþykkt var á þinginu í gær, er hluti af áframhaldandi tilraunum suður-kóreskra stjórnvalda til að bæta samskipti milli landanna tveggja.

Park Sang-hak, flóttamaður frá

Norður-Kóreu, hefur dreift áróðri til heimalands síns með þessum hætti í um fimmtán ár og segir bannið ekki muna stöðva sig.

„Ég mun halda áfram að senda bæklinga því íbúar Norður-Kóreu eiga rétt á því að vita sannleikann,“ sagði hann í viðtali við fréttastofu Reuters. „Ég er ekki hræddur við að fara í fangelsi.“ – atv

Skaftárhreppur segir ekki vera til rök gegn hálendisþjóðgarði

Meirihluti Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórn Skaftárhrepps klofnaði í afstöðu til frumvarps um hálendisþjóðgarð. Oddvitinn kvaðst ekki sjá rök til að standa gegn því. Fulltrúar minnihluta Sólar í Skaftárhreppi tóku undir bókun hennar. Tveir Sjálfstæðismenn sögðu hins vegar vanta viðtæka sátt um málið.

STJÓRN MÁL „Vegna reynslu okkar af Vatnajökulsþjóðgarði síðastliðin tólf ár í sveitarfélaginu fögnum við vinnu við frumvarp um hálendisþjóðgarð,“ segir í bókun sem sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum.

Samtök ferðaþjónustunnar óskuðu eftir afstöðu Skaftárhrepps til frumvarps umhverfisráðherra um hálendisþjóðgarð. Oddviti hreppsins, Eva Björk Harðardóttir, sem rekur Hótel Laka og er einn þriggja fulltrúa Sjálfstæðisflokks sem mynda meirihluta í sveitarstjórninni, lagði fram bókun þar sem lýst er stuðningi við frumvarpið. Sagði Eva samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð hafa gefið íbúum Skaftárhrepps geysilega mikið.

„Mér finnst mjög ólíklegt að það sé hægt með góðu móti að rökstyðja það á einhvern hátt að við höfum ekki notið góðs af þessu samstarfi,“ sagði oddvitinn. „Við höfum fengið innviði inn á okkar svæði sem við hefðum aldrei getað staðið undir sjálf. Og fyrir utan alla þá atvinnu á svæðinu sem að hefur orðið til út af þjóðgarðinum beint; opinber störf og áfram get ég lengi talið. Þannig að ég get með engu móti, bæði sem ferðaþjónustuaðili og sveitarstjórnarmaður, staðið gegn þessu frumvarpi.“

Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar Vatnajökulsþjóðgarðs og annar fulltrúa Sólar í Skaftárhreppi á fundinum, tók undir með Evu.

„Ég veit ekki hvar náttúruperlur Skaftárhrepps væru ef við hefðum ekki fengið opinbera aðstoð,“ sagði Jóna. „Á meðan ekki er þjóðgarður þá er ábyrgðin okkar.“

Sauðfjörðbóndinn Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, oddviti Sólar í Skaftárhreppi, sagði margt hafa breyst til hins betra á afreittum með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs. Liðin tíð væri að björgunarsveitarmenn væru að fara oft að fiska bíla upp úr ám á afreittum.



Að fjallabaki á hálendinu er óspillt náttúra sem lagt er til að komið verði undir þjóðgarðsstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég veit ekki hvar þetta hálendi væri í dag ef þjóðgarðurinn væri ekki. Við hefðum enga burði til að standa undir þessu, sveitarfélagið.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, oddviti Sólar í Skaftárhreppi



„Mest er það fyrir það að síðustu



Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps

ár hafa landverðir staðið og talað við hvern einasta ferðamann sem fer inn á svæðið og gefið leiðbeiningar um hvernig skal keyra yfir ár og hvað megi gera og hvað ekki,“ sagði Heiða. „Ég verð bara að segja eins og Jóna: Ég veit ekki hvar þetta hálendi væri í dag ef þjóðgarðurinn væri ekki. Við hefðum enga burði til að standa undir þessu, sveitarfélagið.“

Bjarki V. Guðnason, slökkviliðsstjóri og samflokksmaður Evu oddvita, sagðist ekki taka undir bókun hennar og benti á að erindi Sam-

taka ferðaþjónustunnar sem var kveikjan að umræðunni, varðaði ekki Vatnajökulsþjóðgarð heldur fyrirhugaðan hálendisþjóðgarð.

„Þannig að mig langar að bóka að ég telji ekki forsvaranlegt að leggja fram þetta frumvarp um stofnun miðhálandisþjóðgarðs þar sem ég tel að viðtæk sátt þurfi að vera í samfélaginu um að taka svo stóran hluta landsins undir þjóðgarð,“ vitnaði Bjarki í bókun sinni.

„Ég vil bara taka undir bókun Bjarka, ég er alveg sammála því sem þar kemur fram,“ sagði Katrín Gunnarsdóttir, grunnskólakennari á Kirkjubæjarklaustri og samflokkskona Bjarka og Evu.

„Það er eðlilegt í lýðræðissamfélagi að fólk hafi mismunandi skoðanir,“ lauk Eva oddviti síðan umræðunni. gar@frettabladid.is

GLEÐIKRÓNUR

gledipinnar.is

Gleðikrónur eru skemmtileg gjafakort sem gilda á öllum veitingastöðum Gleðipinna. Jólin nálgast og Gleðikrónur eru fullkomin leið til að gleðja starfsmannahópinn.

Gleðikrónur henta öllum og sá sem hefur Gleðikrónur undir höndum getur valið úr fjölda veitingastaða og borðað þar sem hann langar hverju sinni.

Þú sendir póst á gledikronur@gledipinnar.is og við sendum þér tilboð fyrir þinn hóp.



GLEÐIPINNAR
STÖNDUM SAMAN & HÖLDUM GLEÐINNI

Jólatilboð

STILLANLEG RÚM 20-35% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

**ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210

**20-35%
AFSLÁTTUR**

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

*Þjafir
sem gleðja!*



The Klaid

14.900 kr.

Teppið sem allir eru að tala um. Þrjónað úr 100% hágæða bómull. Yndislegt og þétt faðmlag sem heldur á þér (ásamt ímyndaða vini þínum) hita allt kvöldið. Fyrir 12 til 92 ára. Stærð: 130x200sm



Edison The Petit

11.900 kr.

Snilldar lampi og fágúð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu en ekkert mál að hafa í sambandi. Fyrir 7 til 86 ára



**Headdemock
Hengirúm**

84.900 kr.

Æðislegt rúmlega eins manns hengirúm til 16 litum. Fyrir 12 til 76 ára



Original púði

39.800 kr.

Sestu, leggstu eða slappaðu af hvernig sem þig lystir. Original mun aðlaga sig að þér. Sterkt nylon efnið er nánast ekki hægt að eyðileggja. Til í yfir 20 litum Fyrir 8 til 89 ára



Translotje

14.800 kr.

Bæði Edison Petit og Transloetje eru innblásnir af „vintage“lömpum hennar Ömmu. Gegnsætt plastefni og 8 mismunandi litir lætur Transloetje standa aðeins út hvar sem hann er. Fyrir 7 til 86 ára

fatboy®

Ver slun á horni Ármúla og Grensásvegur | sekkur.is

Prófsteinninn



Adalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Í nýrri samantekt dómsmálaráðuneytisins um lagaumhverfi og meðferð íslenskra stjórnvalda á málum flóttabarna er lagt til að barnaverndaryfirvöldum verði falin móttaka og umsjón með þeim börnum sem koma hingað einsömum utan úr heimi í leit að vernd. Samantektin ber með sér að hagsmunir þessara barna hafi ekki alltaf verið í fyrirrúmi hér á landi.

Í haust sagði Háskóli Íslands sig frá samstarfi við Útlendingastofnun um tanngreiningar á börnum til að ákvarða aldur þeirra. Frumkvæðið kom frá nemendum sem mótmælt höfðu þátttöku skólans í þessum vafasömu vísindum. Nú mælir dómsmálaráðuneytið með því að aldursgreiningar verði færðar frá Útlendingastofnun til barnaverndaryfirvalda. Sérfræðingar í málefnum barna þróa aðferðir til slíkra greininga sem styðjast við viðurkenndar læknisfræðilegar rannsóknir og mat á þroska barna.

Á undanföllum árum hefur mikið þúður verið sett í endurskoðun á íslenskri löggjöf um málefni útlendinga. Öll sú endurskoðun hefur ekki dugað til að venjulegir Íslendingar sem vilja taka vel á móti stríðshrjáðu fólki, taki kerfið í sátt og beri til þess traust.

Líkt og svo ótalmörg dæmi sanna, gerir ný heildarlöggjöf um mikilvæga málaflokka aðeins takmarkað gagn ef þær stofnanir sem starfa á grundvelli þeirra virka ekki sem skyldi og fylgja ekki anda nýrra laga. Ekki er til þetta dæmi um þetta hér á landi en Útlendingastofnun, enda litur meginþorri manna svo á að þar ríki meiri útlendingaandúð en annars staðar í samfélaginu. Þegar mikilvægir málaflokkar um þjónustu við viðkvæma einstaklinga sæta endurskoðun er því full ástæða til að taka menningu þeirra stofnana sem tryggja eiga þjónustuna einnig til skoðunar og hvort hugarfarið er í samræmi við hlutverk þeirra.

Umboðsmaður Alþingis hefur itrekað sett ofan í við stofnanir sem brugðist hafa þeirri skyldu að sýna fólki mannúð, skilning, sanngirni og þolinmæði. Í síðustu viku fékk Tryggingastofnun á baukinn frá Umboðsmanni fyrir að fara ofari í innheimtuaðgerðum gegn konu sem fengið hafði ofgreiddar bætur. Konan missti að lokum heimili sitt eftir að TR hafði krafist nauðungarsölu á því. Upp úr þeirri mannvönsku hafði stofnunin 65 þúsund krónur.

Nú stendur fyrir dyrum heildarendurskoðun á allri barnaverndarlöggjöfinni, sem dómsmálaráðuneytið leggur einmitt til að taki fylgdarlaus og stríðshrjáð börn í fangid. Tækifæri hefur nú opnast fyrir Ásmund Einar Dáðason, sem sjálfur kaus að kenna ráðuneyti sitt við málefni barna, til að fara að vilja landsmanna og sýna þeim mannúð og gæsku sem allra mest þurfa á henni að halda. Hans nýja kerfi stendur og fellur með því að börn sem hingað leita skjóls fái ekki bara mannsæmandi þjónustu og umönnun, heldur réttláta málsmeðferð sem lyktar með því að þau fái hér að vera kjósi þau það sjálf.

Hin nýja löggjöf mun þó ekki tryggja þessar mála-lyktir að fullu. Það verður fólkið sem starfar innan barnaverndarkerfisins sem ákveður þegar öllu er á botninn hvolft hvort það virkar eins og því er ætlað.

Halldór



Frá degi til dags

Eitt stykki „læk“ í hliðarveruleika starfaði ráðherra eitt sinn hjá Dósamóttöku ehf. Í fjölmiðli sem heyrir undir menntamálaráðherra var ítarlega fjallað um meinta mütustarfsemi fyrirtækisins í Moldavíu. Ráðherrann lofar að mál Dósamóttökunnar rati ekki á sitt borð. Ráðherrann segir ekkert um málið opinberlega og kveðst hlutlaus þar sem málið sé í rannsókn. Svo kemur færsla á Andlitsbók um að umfjöllun um Dósamóttökuna sé ekkert nema nornaveiðar. Ráðherrann, sem ræðir aldrei málið, setur persónulegt „læk“ við færsluna. Hvernig eigum við, í okkar veruleika, að túlka það? Líklega er besta leiðin, ef hann ætlar á kosningaári að reyna að höfða til meginþorra kjósenda sem telur Dósamóttökuna vera þrælska, að næsta ferð verði til Moldavíu.

Frumkvæði
Stundum tekur oflangan tíma að bíða eftir opinberum framkvæmdum. Um langa hríð hafa vegfarendur beðið langeygir eftir vegabótum á landsbyggðinni. Fundir hafa verið haldnir og bréf skrifuð. Enda biðu þeir ekki boðanna þegar ljóst var að slitlag var á lausu á veginum norður í land og hafa nú staðið fyrir umfangsmiklum flutningum á þessu slitlagi í aðra landshluta. Til flutninganna nota þeir eigin farartæki og taka ekki krónu fyrir.

Bakslag í jafnréttismálum?



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
Þingmaður Viðreisnar



Verði sjálfstæður réttur hvors foreldris aðeins 4 mánuðir eins og virðist stefna í en afgangur framseljanlegur er það til þess fallið að stuðla að bakslagi í jafnréttismálum.

Ísland trónir efst á lista Alþjóðaefnahagsráðsins, World Economic Forum, um kynjajafnrétti. Sá góði árangur sem Ísland státar af náðist ekki bara með tímanum. Við eigum framsækin fæðingarorlofs- lög, lög um jafnlaunavottun sem og lög um kynjakvóta í stjórnnum. Við erum meðvituð um þýðingu þess að dagvistun sé aðgengileg. Í þessu ljósi ættum við að sjá frumvarp um fæðingarorlof sem lengir fæðingarorlof foreldra og tryggir báðum foreldrum sjálfstæðan rétt til orlofs, í þeim tilvikum þar sem tveir foreldrar eru til staðar. Öll Norðurlöndin hafa fært foreldrum 12 mánaða fæðingarorlof og þessi breyting er þess vegna tímabær. Ísland hefur rekið lestina. Það skiptir sömuleiðis máli að tekjuhámark verði hækkað svo foreldrar verði ekki fyrir miklu tekjufalli við töku fæðingarorlofs. Vitaskuld er í þágu barna að foreldrar þurfi ekki að láta hluta fæðingarorlofs niður falla. Forsenda fæðingarorlofslaganna er að réttur til launa í fæðingarorlofi sé einstaklingsbundinn og nálgunin er að barn, sem á tvo foreldra, eigi rétt til samvista við þá báða á fyrstu mánuðum lífsins. Jafn réttur tryggir hagsmuni barns sem og foreldra.

Þá er grundvallaratriði fyrir jafnrétti á vinnu- markaði að gert sé ráð fyrir að mæður jafnt sem feður hverfi um tíma af vinnu- markaði vegna fæðingarorlofs. Nú eru 20 ár frá því að gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof voru sett. Með þeirri lagasetningu var feðrum í fyrsta sinn tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs. Löggin voru þýðingarmikil rétt- arbot fyrir karlmenn og fólu í sér viðurkenningu á hlutverki þeirra.

Þegar fæðingarorlofslögin voru sett var litið til Íslands fyrir framsækna jafnréttislöggjöf. Verði sjálf- stæður réttur hvors foreldris aðeins 4 mánuðir eins og virðist stefna í en afgangur framseljanlegur er það til þess fallið að stuðla að bakslagi í jafnréttismálum, framkalla þau neikvæðu áhrif að karlar taki styttra fæðingarorlof, veikja hlut kvenna á atvinnu- markaði og skerða rétt barna til samvista við báða foreldra á fyrstu mánuðum ævinnar.



Barnamála-
ráðherra
hefur nú
tækifæri til
að fara að
vilja lands-
manna og
sýna þeim
mannúð og
gæsku sem
allra mest
þurfa á
henni að
halda.

Margar hendur vinna létt verk



Pétur Halldórsson
stjórnarmeðlimur í Landvernd

Fyrir stuttu fór fram fyrsta umræða Alþingis um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, sem hefur meðal annars þann tilgang að skapa breiðan samstarfs-

vettvang fyrir þá sem bera tilfinningar til hjarta landsins.

Í núverandi fyrirkomulagi felst vandi hálandisins fyrst og fremst í því að sveitarfélög hafa einungis umráð innan sinna eigin marka, sem þýðir að yfirsýn hvers sveitarfélags er takmörkuð og erfitt getur verið að átta sig á því hver beri raunverulega ábyrgð á umsjón svæðisins sem heildar. Viðhorf samfélagsins til náttúrunnar hafa jafnframt þroskast töluvert á síðustu árum, sem meðal annars kallar á að stjórnvöld skapi

breiðari samstarfsgrundvöll fyrir þetta þýðingarmikla svæði. Eftir að hafa horft á þingumræðuna á vef Alþingis, sem eru litlar átta klukkustundir, virðist einmitt vera nokkuð ljóst að helsta áskorunin felist í því hvernig fólk vinnur saman. Fram komu áhyggjur af sambandi ríkis og sveitarfélaga, náttúruverndar og orkuvinnslu, ferðamennsku og stjórnsvalda en það liggur í augum uppi að í núverandi fyrirkomulagi hefur ekki tekist að skapa viðtæka sátt um hvernig vinna skuli saman.

Þetta er afar óheppilegt, því líkt og margir hafa bent á er hálandið nú þegar í góðum höndum og því skrítið að hugsa til þess að hlutirnir séu samt ekki að ganga nógu vel. Einfalda svarið er að jafnvel þótt hálandið sé nú þegar í góðum höndum, þá eru verkfærin okkar einfaldlega ekki nógu góð. Stjórnkerfið er jú bara verkfæri sem við höfum skapað til að styðja við samfélagið og þarfnast reglulegrar endurskoðunar til að sníða af því vankanta og bregðast við nýjum áskorunum.

Nú hefur almenningur frest til 1. febrúar 2021 til að kynna sér frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð og senda inn umsagnir. Ég vil því hvetja alla sem bera tilfinningar til hjarta landsins til að rýna í frumvarpið eftir besta megni og leggja fram sínar tillögur um hvernig betur mætti fara. Þannig verður auðveldara fyrir Alþingi að gera sér grein fyrir hinum ýmsu sjónarmiðum þjóðarinnar, sem hjálpar okkur að hlúa betur að hálandinu í sameiningu. Margar hendur vinna létt verk.

Birting í borginni



Skúli Helgason
formaður Skóla- og frístundaráðs og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Árið 2020 hefur listastofa COVID-faraldrinum sem hefur hvarvetna valdið þungum skakkaföllum. Skólafólk hefur leyst úr flókinni stöðu og víða nýtt tækifæri til að flýta för inn í stafrænan heim þrátt fyrir þröngan kost.

Í gærkvöld samþykkti borgarstjórn fjárhagsáætlun þar sem við boðum stór skref í innleiðingu stafrænnar tækni. Á næstu þremur árum verður 733 milljónum króna varið í bættan tölvukost nemenda og starfsfólks grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs og kennslufræðilegan stuðning. Með þessu verður öllum nemendum á unglingsstigi grunnskóla borgarinnar tryggð tölva til eigin nota í skólanum og að auki öllum nemendum með sérþarfir í öllum árgöngum grunnskólans. Síðast en ekki síst verður lögð mun meiri áhersla á kennslufræðilega ráðgjöf og stuðning til að aukinn tækjakostur nýtist sem skyldi við að breyta kennsluháttum í takt við stafrænan veruleika. Með þessu leggjum við grunn að því að frumkvöðlastarf fagfólks í skólum eins og Langholtsskóla og Dalskóla sem hlutu Íslensku menntaverðlaunin á dögunum nýtist nemendum á jafnræðisgrundvelli í öllum unglingsdeildum grunnskólanna og síðar á yngri stigum.



Það mat verður forsenda einstaklingsáætlana sem eru lykillinn að því að viðkomandi börn taki framförum.

Við samþykktum annað stórmál í gær með verulegri hækkun framlaga til íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Þessi börn standa oftast jafnöldrum sínum talsvert að baki í íslenskukunnáttu og það bil þarf að brúa.

Þess vegna munum við hækka framlög til íslenskukennslu þessara nemenda um 144 milljónir króna, eða rúmlega þriðjung, sem renna munu bæði til aukinnar og markvissari íslenskukennslu en líka til að efla kennslufræðilegan stuðning og bæta mat á námslegri stöðu barnanna. Það mat verður forsenda einstaklingsáætlana sem eru lykillinn að því að viðkomandi börn taki framförum. Við leggjum sérstaka áherslu á að tryggja nýjum nemendum af erlendum uppruna markvissa íslenskukennslu og hafa það nám í sérstökum forgangi fyrstu mánuði þeirra í grunnskólanum.

Jöfn tækifæri barna eru grundvallarmarkmið okkar í menntamálum og með þessum aðgerðum stigum við stórt skref í átt að settu marki.

„Ljóðræn og manneskjuleg saga sem býr yfir mögnuðum galdri.“

GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

Elísabet Jökulsdóttir
APRÍL SÓLAR KULDI
(Eitthvað alveg sérstakt)

Frásögn um ást og geðveiki og huggun

Skáldsaga um ást og geðveiki og huggun eftir Elísabetu Jökulsdóttur

TILNEFNING

Tilnefning

„Það er svo gaman að sjá hana stíga inn í form sem hún hefur fullkomið vald á.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Aprílsólarkuldi er tilfinningarík og ljóðræn frásögn um föðurmíssi, ást, sorg og geðveiki. Næmni Elísabetar Jökulsdóttur sem sést hefur í ljóðum hennar skilar sér vel í skáldsagnaforminu.“

UMSÖGN DÓMNEFNDAR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

Innbundin | Rafbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fískislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



blómaúal HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG


Jóla
útsala

20-50%
afsláttur

Allar jólavörur, seríur,
jólaljós og jólaskraut

Gildir ekki af lifandi jólatrjám og ferskvöru





Annar leikur Arons fyrir landsliðið var gegn Færeyjum. MYND/ANTON

Mæta Færeyjum í vígsluathöfn

FÓTBOLTI KSÍ tilkynnti í gær að karlalandsliðið í knattspyrnu myndi mæta því færeyska í æfingaleik þann 4. júní næstkomandi. Til efnið er opnun Þórsvallar, þjóðar-leikvangs Færeyja eftir endurbætur sem gera Færeyngum kleift að taka á móti fimm þúsund manns.

Liðin átta að mættast í æfingaleik síðastliðið sumar í aðdraganda Evrópumótsins en leiknum var aflýst þegar landsleikjahléð í júní var fellt niður. Þetta verður 26. viðureign Íslands og Færeyja og hefur Ísland unnið 23 leiki til þessa. Þá verður þetta í fyrsta sinn í átján ár sem liðin mættast í Færeyjum, en Ísland hefur unnið átta af níu leikjum liðanna í Færeyjum til þessa. – kpt.

Dæmdur fyrir ölvunarakstur

FÓTBOLTI Jack Grealish, fyrirlíði Aston Villa og leikmaður enska landsliðsins, var í gær dæmdur og sviptur ökuréttindum í níu mánuði eftir að hafa gengist við að hafa ekið undir áhrifum áfengis fyrr á árinu. Þá var Grealish sektaður um rúmlega átta tíu þúsund pund eða tæplega fjórtán milljónir íslenskra króna fyrir athæfið.

Lögreglan í Birmingham birti myndband af brotum Grealish í gær, sem reyndi að keyra heim undir áhrifum áfengis úr samkvæmi undir lok mars. Í myndbandinu sést Grealish klessa á nærliggjandi bíla. Miðjumaðurinn var aftur stöðvaður af lögreglu í haust fyrir kæruleysislegt aksturslag yfir hámarkshraða stutt frá æfingasvæði Villa. – kpt

Þekki íbúðina mína út og inn

Elvar Már Friðriksson, landsliðsmaður í körfubolta, er að spila á sínu fyrsta keppnistímabili með Siauliai í Litháen. Tímabilið hefur verið súrsætt þar sem honum hefur gengið vel en liðið hefur átt í vandræðum.

KÖRFUBOLTI „Þetta er búinn að vera mjög lærdómsríkur tími og það er mjög gaman að búa í landi þar sem áhuginn fyrir körfubolta er jafn mikill og hann er hérna í Litháen. Það hefur hins vegar verið nokkuð mikið röt á leikmannahópi liðsins sem hefur komið niður á úrslitunum,“ segir Elvar Már Friðriksson í samtali við Fréttablaðið um fyrstu mánuðina sína hjá Siauliai.

Þrátt fyrir að liðinu hafi ekki gengið vel hefur Elvar Már staðið fyrir sínu, en hann er þriðji stíghæsti leikmaður litháisku úrvalsdeildarinnar með rúmlega 16 stig að meðaltali í fyrstu tíu leikjum vetrarins, sá stöðsendingahæsti með rúmar sjö stöðsendingar og framlagshæsti með tæplega 21 framlagspunkt.

„Leikmenn hafa komið og farið frá okkur en við náðum að mynda gott lið í nóvember og náðum að vinna í þeim leikjum sem við spiluðum í þeim mánuði, tvo deildarleiki og einn bikarleik. Það hafa reyndar orðið fleiri breytingar á liðinu síðan þá en vonandi náum við að stilla saman strengina eftir áramót og klára tímabilið með sóma,“ segir Elvar Már, sem var valinn leikmaður nóvembermánaðarinnar í deildinni.

„Siauliai er lið sem er vant því að vera í toppbaráttu og það er krafa um betri árangur en liðið hefur verið að sýna. Það er gott að vera í þannig umhverfi að ég finn vel fyrir því að fólkið í kringum félagið er ekki sátt við árangurinn og leitar leiða til þess að bæta hann.

Þó svo að við séum bara með tvo sigurleiki þá erum við bara einum sigurleik frá sæti sem veitir okkur þátttökurétt í úrslita-



keppni deildarinnar. Það er spiluð fjórföld umferð hérna þannig að það er nóg eftir. Vonandi náum við að rétta úr kútnum þegar við byrjum að spila aftur,“ segir leikstjórnandinn, sem er í sinni annarri sóttkvi á leiktíðinni eins og sakir standa.

„Ég er kominn með góða reynslu af því að vera í sóttkvi þar sem ég hef verið í einangrun í 20 af síðustu 30 dögum um það bil. Það sem er verra við þessa sóttkvi er að fjölskyldan er

farin heim þannig að þetta er mun einmanalegra í þetta skiptið. Ég hef ekki séð mikið af borginni hérna en þekki íbúðina mína út og inn og íþróttasalinn þar sem við æfum.

Það eru frekar strangar reglur hérna í Litháen hvað sóttkvína varðar og ég má til dæmis ekki fara út með ruslið og það er nánast allt lokað. Heimsendingarþjónustan á nauðsynjavörum er hins vegar í toppstandi þannig að ég er í finum málum,“ segir Njarðvíkingurinn léttur.

„Fyrir utan það að hafa eytt fullmiklum tíma í sóttkvi og gengi liðsins, þá er ég sáttur við dvölina hérna í Litháen. Þetta er mun sterkari deild en í Svíþjóð og það er gaman að takast á við meiri áskorun. Fimm sterkustu lið deildarinnar eru virkilega sterk og þú þarft að vera á tánum í

öllum leikjum, annars er þér refsað.

Leikmannahóparnir eru mun sterkari hjá liðunum þannig að það eru fleiri sem leggja í þúkíð þegar kemur að stigaskorun og öðrum tölfræðipáttum leiksins. Þetta er líka öðruvísi körfubolti en ég er vanur. Hér er spilaður hægari leikur og taktiskari leikur en í þeim deildum þar sem ég hef spilað og margir hávaxnir leikmenn og öflugir leikmenn í hverju liði.

Ég hef þurft að aðlagast því, get ekki sótt jafn mikið sjálfur að körfunni og ég hef áður gert og þarf að finna aðrar leiðir til þess að skora. Það er bara jákvætt að kynnast öðruvísi leikstílum,“ segir Elvar Már, aðspurður um hvað hann hafi lært á meðan hann hefur leikið í þessu mikla körfuboltalandi.

hjorvaro@frettabladid.is



Þrátt fyrir erfiðleika hjá liði Elvars hefur Njarðvíkingurinn blómstrað á fyrsta ári sínu í Litháen. MYND/ADSEND

**GÓÐA VEISLU
GJÖRA SKAL**



Frá æfingu landsliðsins í handbolta í aðdraganda EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhyggjur af ferðalögunum

HANDBOLTI Guðmundur Þ. Guðmundsson, þjálfari karlalandsliðsins í handbolta, tilkynnti í gær hvaða 21 leikmann hann hefði valið í æfingahóp fyrir næstu leiki í undankeppni EM og lokakeppni HM.

Tæpur mánuður er í að Ísland mæti Portugal í fyrsta leik á HM, en í aðdraganda mótsins mættast liðin heima og heiman í undankeppni EM. Íslenska liðið sem kemur saman til æfinga á Íslandi þarf því að ferðast til Portúgals, aftur til Íslands og svo til Egyptalands til að mæta sama liðinu á öllum stöðum. Það eru tæplega ellefu þúsund


kílómetrar sem jafngildir flugi til Suðaustur-Asíu. Guðmundur lýsti skiljanlega áhyggjum yfir ferðalaginu á blaðamannafundi í gær.

„Þetta eru löng ferðalög og það er mjög erfitt að komast frá landinu og til landsins. Við höfum áhyggjur af ferðalagi okkar aftur til Íslands frá Portúgal. Það gæti reynst okkur mjög erfitt að komast aftur til landsins. Møguleiki er á því að við þyrftum að gista aukanoft í Portúgal og þar með erum við búnir að tapa mjög mikilvægum degi í undirbúningi, bæði fyrir seinni leikinn við Portúgal og samhliða fyrir HM.“ – kpt



MIDVIKUDAGUR 16. DESEMBER 2020

Heilsa



Það er erfiðara að fara út að hlaupa og hjóla á dimmasta tíma ársins en venjulega, en til eru góð ráð sem hjálpa fólki að viðhalda æfingum í allra mesta myrkrinu. ➔4



Hildur segir margt í boði til meðferðar við augnsjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áhrifaríkar meðferðir við augnvandamálum

Augnsjúkdóma er mikilvægt að meðhöndla rétt. Augnmaski og hreinsíklútar gera gæfumuninn gegn hvarmabólgu og gervítar virka vel gegn augnþurrki. Rannsóknir sýna að augnvítamín geta hægt mjög á augnbotnahrönnun. ➔2

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Framhald af forsiðu →

Meðferð með OcuSci augnmaska og OCuSOFT froðu/hreinsiklútum er áhrifarík við hvarmabólgu, VISMED gervitár/-hlaup virka vel við augnþurrki og ULTRA MACULAR™ augnvítamín byggir á nýjustu NIH (National Institute of Health, USA) rannsókn á þessu sviði, AREDS 2, sem sýndi fram á að samsetning andoxunarefna og fjölvítamína í ULTRA MACULAR™ minnki líkur um allt að 25% á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig.

Hvarmabólga

Hvarmabólga er líklega algengasti augnsjúkdómurinn á Íslandi. Erfitt er að meta hlutfall fólks með hvarmabólgu, þar sem sjúkdómurinn veldur oft vægum einkennum. Á hinn bóginn getur hann valdið einkennum sem eru afar óþægileg og hafa mikil áhrif á daglegt líf.

Hildur Sigursteinsdóttir, markaðsstjóri heildverslunarinnar MAGNUS ehf., segir lítið vitað um ástæður sjúkdómsins, en að talið sé að um ofnæmi fyrir bakteríum sem við erum öll með á hvörmunum sé að ræða. Hvarmabólga getur meðal annars valdið augnloksþrymlum (chalazion) sem í börnum kemur oft fram sem vogris (stye). Hvort tveggja eru stíflaðir fitukirtlar sem blása út og valda oft miklum óþægindum.

„Meðferð við hvarmabólgu er oftast ekki flókin en hún krefst töluverðrar natni og reglusemi. Fyrsta meðferð og oft sú sem ber mestan árangur er að meðhöndla augun með heitum OcuSci augnmaska og hreinsa eftir á með bakteríudrepandi blautklútum eða froðu frá OCuSOFT. Við slæmri hvarmabólgu má nota OUST Demodex froðu/blautklúta, sem innihalda terunnaolíu, en sé hún ekki eins alvarleg er mælt með Lid Scrub PLUS blautklútum eða Platinum froðu frá OCuSOFT. Beita þarf meðferðinni að minnsta kosti einu sinni á dag,“ segir Hildur.

„Slík meðferð, að hita og hreinsa, er yfirleitt áhrifarík sé henni beitt rétt. En það þarf þolinmæði því árangurinn kemur ekki fyrr en eftir tvær til þrjár vikur.“

Einkenni hvarmabólgu:

- Stíflaðir fitukirtlar í augnlokum
- Sviði, „súrnar í augum“
- Flasa í augnhárum og stíur
- Óskýr sjón
- Aðskotahlutartilfinning, þirringur
- Smá kláði
- Roði í hvörmum og augum
- Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, að horft er á sjónvarp eða lestur
- Bjúgur á hvörmum

Oft er erfitt að greina á milli einkenna hvarmabólgu og þurra augna en sviði er meira áberandi í hvarmabólgu en aðskotahlutartilfinning í þurrum augum. Hildur segir að það beri að leggja áherslu á að

Fyrsta meðferð er að meðhöndla augun með heitum OcuSci augnmaska og hreinsa eftir á með bakteríudrepandi blautklútum eða froðu frá OCuSOFT.



Meðferð með OcuSci augnmaska og hreinsun með bakteríudrepandi OCuSOFT froðu eða hreinsiklútum er yfirleitt áhrifarík við hvarmabólgu.

þurr augu og hvarmabólga fylgjast oft að og þarf því oft að meðhöndla hvort tveggja.

„Hvarmabólga er yfirleitt fremur göðkynja sjúkdómur en getur þó í undantekningartilvikum valdið augnskaða og jafnvel varanlegu sjóntapi. Í þeim tilvikum verður erting frá hvörmum svo mikil á auganu að slímhimna augans vex inn á hornhimnu, eða að hornhimna augans þynnist og skemmist,“ útskýrir hún.

„Þar sem ofnæmi kemur inn í tilurð sjúkdómsins á einhverju stigi, sennilega gegn bakteríum sem við erum öll með á hvörmunum, er gagnslítið að bera sýklalyf á þá. Þessar bakteríur eru alls staðar í umhverfi okkar og setjast aftur á hvarmana þegar notkun sýklalyfsins lýkur. Flestar gerðir hvarmabólgu eru því ekki vegna sýkingar og hvarmabólga er því jafnan ekki smitandi.“

Sum lyf geta stuðlað að hvarmabólgu, svo sem sum krabbameinslyf og húðþrymlalyfið Roaccutane. Hvarmabólga er einnig afar algeng hjá fólki með ýmsa húðsjúkdóma, svo sem flösuexem og rósroða.

Þurr augu algengt vandamál

Þurr augu eru afar algengt vandamál. Hildur segir líklegt að um 15.000 Íslendingar þjáist af þurrum augum.

„Þurr augu eru sjúkdómur þar sem augun framleiða ekki nægilega mikið af tárnum eða tárin eru ekki nægilega vel samsett og gufa upp of fljótt. Algengasta einkenni þurra augna er aðskotahlutartilfinning. Það veur sérstaka athygli að eitt megin-einkenni þurra augna er auknið

táraflæði og lýsir fólk því oft svo að þegar það fer út í íslenska rokið fari tárin að renna niður vangana. Þessi tár myndast vegna þess að augað verður auðertanlegt og viðkvæmt fyrir til dæmis roki og hita. Þessi tár myndast í stóru tárakirtlum fyrir ofan augun og innihalda meira vatn en venjuleg tár. Þau renna því niður vangana en taka ekki þátt í að smyrja augun eins og venjulegu tárin,“ segir Hildur.

Hún útskýrir að í mörgum tilvikum sé um að ræða öldrunaráhrif tárakirtlanna þó að yngri fólk geti líka upplifað þurr augu. Talið er að um 3/4 fólks 65 ára og eldra fái þurr augu. Þau eru algengari hjá konum, sérstaklega hjá barnshafandi konum eða eftir tíðahvörf. Líklega eru um 3.000 Íslendingar með þurr augu í tengslum við svokallaðan Sjögren's sjúkdóm og/eða gigtarsjúkdóma og aðra sjálfsöfnæmis-sjúkdóma og 90% þeirra eru konur. Fólk með ofnæmi er útsettara fyrir því að fá einkenni þurra augna auk þess sem ýmislegt utanaðkomandi getur valdið eða viðhaldið þurrum augum, til dæmis ýms lyf, snertilinsur og tölvunotkun að sögn Hildar.

Oftast er ekki hægt að lækna þurr augu en unnt er að meðhöndla einkennin. Þekking og fjöldi meðferðarleiða hefur aukist mjög á síðustu árum. Yfirleitt er byrjað á að nota gervitár og gervitárahlaup eins og VISMED sem fást án lyfseðils í apótekum. VISMED gervitár og -hlaup innihalda engin rotvarnarefni og eru til í dropaglasi og einnig í litlum skammtahylkjum sem má loka á milli notkunar. Gervitárahlaup er fyrst og fremst notað fyrir svefn, en það dugir lengur en venjuleg

Hvarmabólgu meðferð

1. Setjið OcuSci augnmaskann í örbylgjuofn á hæstu stillingu í 20-30 sekúndur.
2. Leggið augnmaskann á lokuð augun í 3-5 mínútur á dag.
3. Drepa þarf bakteríurnar að þessu loknu, t.d. með því að þrífa hvarmana með OcuSoft klútum eða OcuSoft froðu.

gervitár. Í VISMED vörum er hýalúron sýra sem meðal annars eykur endingu þeirra í augunum. Það er talið að sumar fitusýrur, þar á meðal Omega-3 til inntöku, geti dregið úr einkennum þurra augna.

Helstu einkenni þurra augna:

- Táraflæði
- Óskýr sjón
- Aðskotahlutartilfinning, þirringur
- Smá kláði
- Sviði
- Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, horfa á sjónvarp eða lestur
- Roði í augum

Vörn gegn augnbotnahrörnun

ULTRA MACULAR™ augnvítamíníð hægir á framskiptum augnbotnahrörnunar og er ætlað þeim sem hafa greinst með sjúkdóminn og sumum sem eru í fjölskyldum þar sem sjúkdómurinn er ættgengur. ULTRA MACULAR™ er eina augnvítamíníð á markaðnum hérlendis sem inniheldur öll nauðsynleg fjölvítamín og steinefni sem fólk þarf á að halda til viðbótar við sérhannaða samsetningu þeirra efna sem eru fyrirbyggjandi varðandi framgöngu augnbotnahrörnunar.

Að sögn Hildar, er samsetning ULTRA MACULAR™ byggð á niðurstöðum nýjustu rannsókna á þessu sviði sem nefnast AREDS 2.

„AREDS 2 braut blað í fyrirbyggjandi meðferðarmöguleikum þar sem sérstaklega hefur verið lagt upp úr réttum hlutföllum andoxunarefna og vítamína til að ná sem bestum árangri,“ segir Hildur. „Allir sem þjáast af augnbotnahrörnun ættu að íhuga að taka inn ULTRA MACULAR™ til að fyrirbyggja frekari þróun augnbotnahrörnunar og þar með sjónskerðingu. Einnig er mikilvægt að fara í reglulegt eftirlit hjá augnlækni samhliða töku augnvítamínsins.“

Aðeins þarf að taka inn tvö hylki af ULTRA MACULAR™ á dag, ULTRA MACULAR™ inniheldur meðal annars lítið sink til að hlífa meltingarveginum og aðalbláber sem talin eru styðja við nætursjón auk fullkominnar samsetningar fjölvítamína og steinefna í samræmi við ráðlagða dagskammta (RDS).

Hildur segir marga eiga erfitt með að gera greinarmun á þeim augn-

vítamínunum sem í boði eru á markaðnum í dag. „Það er mikilvægt að hafa í huga að ULTRA MACULAR™ augnvítamíníð er byggt á vísindalegum rannsóknum frá hinni virtu stofnun National Institute of Health í Bandaríkjunum,“ segir hún. „Aldursbundin augnbotnahrörnun er algengasta orsök blindu og sjónskerðingar hjá fólki yfir sextugu á Vesturlöndum og því skiptir miklu máli að velja rétt þegar kemur að augnvítamínunum. Fyrirnefnd rannsókn, AREDS 2, sýnir einmitt fram á að sú sérstaka samsetning andoxunarefna sem hér um ræðir minnki líkur um allt að 25%, á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig.“

Vörurnar fást í öllum helstu apótekum.



Fótaóeirðin er horfin og ég fæ mjög góðan nætursvefn

Soffía Káradóttir hafði lengi verið með fótaóeirð sem jókst með árunum og hún átti erfitt með að sofa vegna þess, en eftir að hún fór að taka inn Melissa Dream er vandamálið úr sögunni.

Melissa Dream er vísindalega samsett jurtablanda, hönnuð til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Blandan inniheldur jurtir, aminosýrur, vítamín og steinefni sem hafa ekki sljógandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við eril dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitnið er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ætti að ná yfir um það bil 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali sjö til átta klukkustunda svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.

Loksins góður nætursvefn

Soffía Káradóttir þekkir Melissa Dream og ber því vel söguna:

„Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálf tíma er öll fótaóeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn.“

Soffía Káradóttir



„Ég hef lengi verið með fótaóeirð sem hefur aukist með árunum og mér hefur reynst erfitt að sofa nógu vel vegna þess. Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream hefur þetta algjörlega breyst. Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálf tíma er öll óeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn. Að mínu mati eru þetta töflur sem ég gæti ekki verið án og hef ég nú tekið Melissa Dream reglulega í nokkur ár.“

Orsakir svefnleysis

Af hverju sofnum við ekki, erum andvaka eða vöknum upp um miðjar nætur og getum ekki sofnað aftur? Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við getum ekki sofnað eða sofið þannig að við hvílumst og vöknum endurnærð. Vaktavinna, ferðalög, kvíði og áhyggjur eru algengar orsakir svefnleysis en ýmsir sjúkdómar geta einnig haft mikil áhrif á svefninn. Streita er mjög algeng orsök en það er allt of algengt að fólk vinni of mikið, sé með fjárhags-áhyggjur, vanti hreyfingu og/eða eigi í erfiðum samböndum, hvort sem er við maka, vini eða aðra. Mataræði, upptaka næringarefna og venjur geta líka átt stóran þátt í svefnleysi.

Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Gott getur verið



að borða ekki tveimur til þremur tímum áður en lagst er til hvílu og passa að drekka ekki of mikinn vökva, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnher-

berginu sem á að vera vel loftað, myrkvæð og hljóðlætt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni hefur meðal annars fengið viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu.

Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldir meðal annars til að bæta svefn. Þar er einnig að finna L-theanine, aminosýru sem getur aðstoðað við slökun. Melissa Dream inniheldur einnig fjölda vítamína og steinefna, þar á meðal:

- B6-vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi.
- B12 sem stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins sem og eðlilegri sálfræðilegri starfsemi ásamt B1, B2, og B3.
- Magnesium sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi sem og viðhaldi eðlilegra beina.

Hvítari tennur - bjartara bros

NuPearl®32x Advanced Teeth Whitening er sérlega auðvelt í notkun.

Mjúkur sílikon gómur, Led ljós, hvíttunarefni og hvíttunarpenni saman í kassa og svo er hægt að kaupa áfyllingar

Náttúruleg innihaldsefni og jurtir.

- Getur hvíttað um allt að 8 tóna
- Lýsir bletti á tönnum sem myndast með árunum vegna kaffdrykkju, reykinga, víns ofl.
- Öruggt fyrir glerunginn og extra milt vegna náttúrulegra innihaldsefna og jurta.
- Hentar einnig viðkvæmum tönnum
- Mælt með af tannlæknum
- Inniheldur ekki: latex, parabena, súlföt, natríum flúoríð, Triclosan, PEG/PPG, Salicylate, gerfi litar- eða bragðefni og glúten.



Inniheldur ekki peroxíð og hentar því einnig vel fyrir viðkvæmar tennur.

Fæst í Fjarðarkaup, Heimkaup.is og apótekum.

Bjóddu myrkrinu birginn

Það er miklu erfiðara að fara út að hlaupa og hjóla núna á dimmasta tíma ársins en venjulega, en hér eru nokkur góð ráð sem ættu að hjálpa fólki að viðhalda æfingum í allra mesta myrkrinu.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er ekki spurning að það er erfiðara að stunda líkamsrækt utandyra um hávetur á Íslandi. Veðrið versnar, það verður kalt og umfram allt dimmt. Þá getur verið mjög erfitt að fá sig til að fara út að hlaupa eða hjóla, en á meðan líkamsræktarstöðvar eru lokaðar er það eini kosturinn. Hér eru ýmis góð ráð frá sérfræðingum fyrir hlaupa- og hjólaðafólk sem vill viðhalda æfingum á dimmasta tíma ársins, sem birtust í The Guardian.

Réttu græjurnar

Stytttri dagar þýða að margir eiga ekki annarra kosta völ en að æfa fyrir sólarupprás eða eftir sólsetur. Þá þarf að huga að búnaði sem er alla jafna ekki nauðsynlegur.

Í fyrsta lagi þarf að huga að því að klæða sig vel og vera í lagskiptum en léttum hlífðarklæðnaði. Margir klikka á því að vera í lögum á fótum og höndum.

Svo þarf líka að vera með endurskinsmerki til að gera sig sýnilega(n). Það þarf samt ekki að



Það er hægt að velja um að fara í dvala yfir veturinn, eða bara bjóða honum birginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

kaupa nýjan alklæðnað alsettan endurskinsmerkjum heldur er nóg að kaupa aukahluti eins og endurskinsmerki fyrir úlnlið, ökkla eða mitti, sem auka sýnileika fólks mjög mikið.

Á vef Samgöngustofu segir að hjólandi vegfarendur verði að vera vel sýnilegir og mikilvægt sé að vera með öflug ljós, hvítt að framan og rautt að aftan. Skylda er að vera með ljós þegar skyggja tekur og það á að vera endurskin á

hjólum, bæði að framan og aftan, á fótstigum og í teinum og það á líka að vera bjalla.

Þeir sem hlaupa utan vegar þurfa svo að vera með lampa á hausnum og fjallahjólaðamenn þurfa að hafa ljós á stýrinu og hjálmi.

Hugið að öryggi

Margir hafa áhyggjur af öryggi sínu ef þeir ætla að fara að hlaupa um borgina í myrkrinu. Til að vera

öryggari er gott að halda sig á vel lýstum og fjölmennum svæðum, hlaupa ekki alltaf sömu leið og hlaupa án heyrnartóla. Ef fólk er hikandi við að vera eitt á ferð í myrkrinu getur verið gott að hafa með sér hund eða vin. Þegar heimsfaraldrinum lýkur loks verður líka hægt að finna hlaupa- og hjólaðahópa til að æfa með.

Það er ekkert sem bendir til þess að það sé aukin hættu á meiðslum í myrkrinu, hvorki við hlaup né

hjólaðar. Fjallahjólaðar gætu þó verið hættulegri þar sem vegurinn er oft óútreiknanlegur.

Það er alltaf skynsamlegt að láta einhvern vita af sér og hafa símann með sér til öryggis, ef eitthvað kemur upp á. Það er líka vissara að vera tilbúin(n) fyrir sprungið dekk.

Ný upplifun í boði

Ef það er hægt er gott að æfa alltaf á sama tíma. Þá verður það vani og það þarf síður að reida sig á viljastyrkinn. Ef það á að æfa snemma að morgni er gott að vera búin(n) að taka fötin sín til kvöldið áður og jafnvel mæla sér mót við einhvern, þá er erfiðara að hætta við.

En það er líka mikilvægt að vera ekki of óvæginn við sig, ef það er til dæmis stormur úti er gott að biða bara betri tíma.

Það gæti verið gott að hugsa um æfingar í myrkrinu sem nýja upplifun, en ekki nýja kvöð. Það er allt önnur upplifun að æfa í myrkrinu en dagsbirtu. Allir heimurinn hverfur og það eina sem hugurinn einblínir á er litli ljósbletturinn fyrir framan þig, sem getur virkað eins og hugleiðsla. Það er hægt að velja um að fara í dvala yfir veturinn, eða bara bjóða honum birginn.



Skammdegið þarf ekki að vera erfitt



- ☀️ Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum
- ☀️ 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót í hverju hylki



Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. desember 2020

47. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

		<p>Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
---	--	---

Vill bætt minnihlutavernd

Gildi vill endurskoða reglur um yfirtökuskyldu. Koma eigi á endurtekinni tilboðsskyldu. Ráðandi hluthafar geta aukið hlut sinn jafnt og þétt.

2

Sprenging í hlutabréfaeign

Fjöldi einstaklinga sem á hlutabréf í Kauphöllinni jókst um 50 prósent, í 16.206 í nóvember, við þátttöku í útboði Icelandair.

4

Viðræður í gislingu Brexit

Stærstur hluti þess makrils sem veiddur er af fiskiskipum ESB er í lögsögu Breta. Íslendingar enn utan samningsins frá 2014.

5

Í miklum vaxtarfasa

Fiskeldisfyrirtækið Matorka mun stórauka framleiðslu sína á næstu árum. Þúsund tonn á þessu ári og stefna á meira en tvöföldun á því næsta.

8

Þreifingar á markaði

„Markaðsaðilar munu þurfa að tileinka sér nýtt, formfastara verklag þegar þeir eiga samskipti á grundvelli markaðsþreifinga,“ segir lögmaður hjá LEX.

9



Pattstaðan til trafala

Skuldabréfamarkaður er sagður í pattstöðu. Hærrí langtímavextir hækka vaxtabyrði ríkissjóðs. Útheimtir hærrí skatta eða meiri niðurskurð en önnur ríki. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

	<p>Pop up markaður Optical Studio Hafnartorgi</p> <p>50-70% afsláttur af merkjavöru!</p> <p>Opnunartími: Fim 12-17 / Fös 12-17 / Lau 13-17</p>	<p>Optical Studio pop-up</p>
--	---	---

Landsbankinn eignast þriðjung í Keahótelum

Gengið hefur verið frá fjárhagslegri endurskipulagningu Keahótela, í gegnum hlutfjárakningu og með samningum á milli eigenda, lánveitenda og leigusala. Landsbankinn fer með þriðjungshlut í félaginu eftir endurskipulagninguna.

„Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við Landsbankinn, sem er nýr riflega þriðjungs hluthafi í félaginu, og við leigusala okkar, sem hafa ákveðið að tengja leigukjör félagsins við undirliggjandi rekstrarafkomu hótelaanna sem starfrækt eru í viðkomandi fasteignum,“ segir Hugh Short, forstjóri bandaríska fjárfestingarfyrirtækisins PT Capital, einn af eigendum keðjunnar.

Viðræður um endurskipulagningu reksturs Keahótela, sem er ein stærsta hótélkeðja landsins og starfrækir alls níu hótél, meðal annars hina sögufrægu Hótel Borg við Austurvöll og Hótel Kea á Akureyri, hafa staðið yfir um nokkra hríð.

Niðurstaðan er samkomulag sem bindur saman hagsmuni eigenda og annarra hagsmunaaðila, sem eru annars vegar Landsbankinn og hins vegar ýmis fasteignafélög. Í því felst að hluta skulda verður breytt í hlutfélag, núverandi eigendahópur kemur með nýtt fé inn í reksturinn og leigusalar gera samkomulag um veltutengdar leigugreiddslur, sem eru þó með ákveðnu lágmarksgólfu.

Endurskipulagningin er sögð styrkja bæði eiginfjárstöðu og rekstrarumhverfi Keahótela. Hún skapi félaginu góða stöðu á gisti- og ferðamarkaðnum þegar ferðamönnum fer að fjölga á ný, sem vonir standa til að verði strax á komandi vori.

Aðaleigandi hótélkeðjunnar er eignarhaldsfélagið K Acquisitions en að baki því standa bandaríska fasteignafélagið JL Properties með 25 prósentu hlut, bandaríska eignastýringarfélagið Pt Capital Advisors með 50 prósentu hlut og fjárfestingafélagið Tróllahvönn, sem er í eigu Andra Gunnarssonar, Kristjáns M. Grétarssonar, Fannars Ólafssonar og Þórdar Hermanns Kolbeinssonar, með 25 prósentu hlut.

Núverandi eigendur hótélkeðjunnar leggja til fjárhæð sem nemur

Fyrir þá sem munu lifa í gegnum þessa óvenjulegu tíma geta orðið til ýmis ný tækifæri.

Hugh Short, forstjóri bandaríska fjárfestingarfyrirtækisins PT Capital



» Núverandi eigendur hótélkeðjunnar leggja til fjárhæð sem nemur á þriðja hundrað milljónum króna og mun félagið K Acquisitions halda á tveimur þriðju hlutfjár eftir endurskipulagninguna.

á þriðja hundrað milljónum og mun eignarhaldsfélagið K Acquisitions halda á tveimur þriðju hlutfjár eftir endurskipulagninguna.

Hugh Short segir ljóst að COVID hafi haft gríðarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ferðapjónustuna, bæði hér á landi og um allan heim. „Fyrir liggur að aðilar samkomulagsins hyggjast takast á við næstu misseri saman eða þar til eðlilegt ástand skapast á ferðamarkaðnum að nýju,“ segir Short.

„Fyrir þá sem munu lifa í gegnum þessa óvenjulegu tíma geta orðið til ýmis ný tækifæri og á þeirri vegferð skiptir miklu að vera með fullfjármagnað félag og reksturinn tryggðan til lengri tíma,“ bætir hann við.

Samkvæmt síðasta ársreikningi Keahótela fyrir árið 2018 námu eignir keðjunnar tæplega 1,8 milljarði króna og bókfært eigið fé einum milljarði. Félagið hagnaðist um rúmar 484 milljónir króna og EBITDA – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 574 milljónir króna. Þá námu rekstrartekjurnar liðlega 4 milljörðum króna. – þfh



Yfirtökutilboð Strengs í allt hlutfélag Skeljungs rennur út fyrstu vikuna í byrjun nýs árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill auka varnir með frekari tilboðsskyldu

Gildi vill að reglur um yfirtökuskyldu verði endurskoðaðar svo tryggja megi betur minnihlutavernd fjárfesta. Koma eigi á endurtekinni tilboðsskyldu þegar aðilar eignast 40% og 50%. Ráðandi hluthafar geti aukið hlut sinn jafnt og þétt.

Gildi lífeyrissjóður hefur farið þess á leit við fjármála- og efnahagsráðuneytið að nógildandi reglur um yfirtöku og yfirtökutilboð, sem kveða á um yfirtökuskyldu þegar fjárfestir eða hópur tengdra aðila er kominn með samanlagt 30 prósentu atkvæðisrétt í skráðu félagi, verði teknar til endurskoðunar. Þar verði horft til þess að taka upp endurtekna tilboðsskyldu sem myndi stofnast þegar aðili ræður fyrst yfir 40 prósentum í félagi og síðan 50 prósentum.

Telur Gildi, sem er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og þarf á næstu dögum að taka afstöðu til yfirtökutilboðs sem fjárfestingafélagið Strengur hefur gert í allt útistandandi hlutfélag Skeljungs, að reglurnar tryggi ekki nægjanlega réttarvernd minnihluta hluthafa.

Í bréfi sem sjóðurinn sendi til ráðuneytisins fyrir helgi, og Markaðurinn hefur undir höndum, er nefnt að samkvæmt nógildandi yfirtökureglum sé útganga á grundvelli hennar takmörkuð við 30 prósentu atkvæðisrétt.

„Tilboðsgjafi öðlast hins vegar ekki endilega raunveruleg yfirráð í félaginu við þann þröskuld, og getur í kjölfarið jafnt og þétt náð frekari yfirráðum í félaginu án þess að minnihlutavernd sé tryggð. Hér má til dæmis horfa til þess að aukin yfirráð, það er umfram 30 prósent, kunna að draga úr seljanleika hlutfélagi,“ segir í bréfinu.

Þá bendir sjóðurinn á að á íslenskum markaði sé til staðar dreift eignarhald stofnanafjárfesta og annarra fjárfesta sem hafa takmarkaða möguleika til varna eða annarra aðgerða vegna framkominna yfirtökutilboða. „Á þeim grundvelli,“ eins og útskýrt er í bréfi Gildis, „er ráðandi hluthafi í yfirburðastöðu gagnvart minnihluta hluthöfum og svo kann að fara að verðtilboð hans endurspeglar ekki þau yfirráð sem fylgja því að fara yfir mörk tilboðsskyldu.“

Á undanförunum misserum hafa komið fram yfirtökutilboð í Brim, Eimskip í tvígang og nú síðast Skeljung. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, segir í samtali við Markaðinn að öll þessi tilboð hafið vakið upp vangaeltur innan sjóðsins um hvort ekki

Yfirtökutilboðin hafa sýnt fram á að aðrir hluthafar geti átt á hættu að læsast inni sem áhrifalitlir eigendur.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis



sé ástæða til að gerðar verði breytingar á nógildandi yfirtökureglum.

„Yfirtökutilboðin, sem hafa kannski verið á gengi sem fjárfestum hefur ekki þótt hagstætt, hafa sýnt fram á að aðrir hluthafar geti átt á hættu að læsast inni sem áhrifalitlir eigendur ef þeir samþykkja ekki það tilboð sem er sett fram þegar 30 prósentu þröskuldinum er náð,“ segir Árni.

Í bréfi Gildis til fjármálaráðuneytisins er nefnt að aukin umsvif eins hluthafa hafi þau áhrif að minni eftirspurn verður eftir bréfum. „Almennt er talið að það kunni að draga úr seljanleika hluta þegar verulegur hluti hlutfjár félags er undir einum yfirráðum. Ráðandi aðili geti jafnvel hlutast til um að afskrá félag af skipulegum verðbréfamarkaði. Hlutur minnihluta hluthafa gæti í kjölfarið orðið verðminni hvort sem það er vegna afskráningar eða yfirráðanna,“ segir í bréfinu.

Ólík yfirtökutilboð

Árni rifjar upp að yfirtökutilboðin sem gerð hafi verið í Eimskip og Skeljung séu sumpart ólík. Í tilfalli Eimskips hafi Samherji lýst því yfir að félagið vildi helst ekki að hluthafar myndu taka tilboðinu og varð niðurstaðan sú að nær engir hluthafar ákváðu að selja, enda var yfirtökugengið – 175 krónur á hlut – umtalsvert lægra en á markaði. Sá fjárfestahópur sem fer fyrir yfirtökutilboðinu í Skeljung, sem inniheldur meðal annars hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörgu Pálmadóttur og Sigurð Bollason, hefur hins vegar þau áform að eignast ráðandi hlut í félaginu og skrá það í kjölfarið af markaði.

Árni bendir á að þrátt fyrir að yfirlýst áform þeirra fjárfesta sem standa að baki yfirtökutilboðunum

séu ekki þau hin sömu á þessari stundu, þá sé ekkert sem komi í veg fyrir, eins og í tilfalli Samherja í Eimskipi, að félagið ákveði síðar að auka jafnt og þétt hlut sinn án þess að frekari tilboðsskylda vakni allt upp að 90 prósentu eignarhlut. Fram kemur í rökstuðningi Gildis til fjármálaráðuneytisins að slíkar aðstæður geti haft í för með sér minni seljanleika og þar með minni möguleika til útgöngu fyrir aðra hluthafa, svo sem stofnanafjárfesta og aðra almenna hluthafa.

Spurður hvaða breytingar hann vilji gera segir Árni að sjóðurinn myndi vilja sjá, eins og hefur verið framkvæmdin hjá nágrannaríkjunum okkar á borð við Danmörku og Finnland, að það verði tekin upp endurtekin tilboðsskylda. „Það gæti þá falið í sér,“ útskýrir hann, „þegar aðili ræður fyrst yfir 40 prósentum og síðar 50 prósentum atkvæðisréttar í skráðu félagi.“

Hann telur meiri ástæðu til slíkra reglna vegna smæðar íslenska markaðarins og hættunnar á samþjöppun eignarhalds. Þá segir Árni að hann telji líklegt að aðrir aðilar á markaðnum séu sama sinnis um mikilvægi þess að fara í slíkar breytingar.

Aðspurður hvort þetta sé ekki um leið staðfesting á því að Gildi, næststærsti hluthafi Skeljungs með 10 prósentu hlut, ætli ekki að samþykkja fyrirliggjandi yfirtökutilboð Strengs í félagi, segir Árni að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um það enn þá. „Þetta mál er alveg óháð því. Við tengjum ekki þessa ósk okkar um að gildandi yfirtökureglur verði teknar til endurskoðunar við það tilboð, heldur er það sjálfstæð ákvörðun sem verður tekin endanleg afstaða til síðar,“ segir hann.

Yfirtökutilboð fjárfestingafélagsins Strengs, sem fer núna með um 39 prósentu atkvæðisrétt í Skeljungu, var gert 9. nóvember síðastliðinn og hljóðaði upp á 8,315 krónur á hlut, sem verðmetur félagið á um 16 milljarða. Frá þeim tíma hefur gengi bréfa félagsins hækkad umtalsvert og stendur nú í 8,6 krónum á hlut. Í samtölum Markaðarins við helstu hluthafa félagsins undanfarna daga og vikur er ljóst að litill áhugi er af þeirra hálfu að samþykkja tilboðið að óbreyttu, en það rennur út í fyrstu viku nýs árs.

hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri **Hörður Egiðsson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Heitustu grillin!

Weber Pulse Rafmagnsgrill

Weber salurinn
Skútuvogi 1h
(inng. frá Barkarvogi)
Sími: 58 58 900

weber.is

Atvinnuhúsnæði óskar eftir starfsfólki

Borg fasteignasala státar af reynslumiklu teymi löggiltra fasteignasala og leigu- miðlara sem aðstoða þig við kaup, sölu og leigu atvinnuhúsnæðis.

Við gefum góð ráð, gerum verðmat og hjálpum þér að koma hreyfingu á málín.

Hafðu samband, saman finnum við lausn sem hentar þér og starfsemi þinni.

B O R G

A T V I N N U E I G N I R

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS

Til leigu - bókið skoðun



Skeifan 19

108 Reykjavík

Borg fasteignasala kynnir einstakt tækifæri í Skeifunni	5.800 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði á þessum vinsæla stað í Reykjavík					
Leigurými frá 1.200 – 5.800 fm	Möguleiki á sérhönnun og aðlögun að ýmissi starfsemi					
Innréttað að óskum leigukaupa	Við stofnbrautir	Næg bílastæði	Laust strax	Brandur lögg. fasteignasali	897 1401	brandur@fastborg.is

Til sölu - bókið skoðun



Gullslétta 12

162 Reykjavík

Laust strax	219 fm atvinnuhúsnæði	
148 fm grunnflötur og 71 fm milliloft		
Góð lofthæð yfir hluta húsnæðis	Á grunnfleti er lakkað gólf	
Brandur lögg. fasteignasali	897 1401	brandur@fastborg.is

Til sölu - bókið skoðun



Skólavörðustígur 22b

101 Reykjavík

Verslunarhúsnæði		
Góð staðsetning á Skólavörðustíg		
Laust strax		
Börkur lögg. fasteignasali	832 8844	borkur@fastborg.is

Til sölu - bókið skoðun



Laugavegur 39

101 Reykjavík

86,4 fm verslunarhúsnæði	Húsið var nýlega viðgert að utan	
53,3 fm jarðhæð	33,1 fm geymslu og lager í kjallara	
Opið verslunarrými og afstúkað vinnusvæði	Tvö einkastæði	
Brandur lögg. fasteignasali	897 1401	brandur@fastborg.is

Viðræður um makríl í gíslingu Brexit

Bretar sendu fulltrúa sinn á fund strandríkja um makrílveiðar í NA-Atlantshafi fyrir í haust, en ESB hefur alla tíð samið fyrir hönd Breta. Stærstur hluti þess makrils sem veiddur er af fiskiskipum ESB er í lögsögu Breta. Íslendingar enn utan samningsins frá 2014.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Viðræðum strandríkja um skiptingu makrílkvóta í Norðaustur-Atlantshafi hefur verið haldið í gíslingu lagalegrar óvissu um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu á undanföllum mánuðum, segja viðmælendur Markaðarins. Á síðasta fundi strandríkja um makrílveiðar fyrir í haust sendu Bretar í fyrsta sinn eigin fulltrúa, en hingað til hefur ESB samið fyrir hönd Breta um makrílveiðar líkt og annarra aðildarríkja. Bretar telja sig eiga sterkara tilkall til samningaborðsins en ESB, þar sem langstærstur hluti þess makrilafla sem landað er í höfnum innan ESB er veiddur í lögsögu Bretlands. ESB telur sig þó eiga tilkall til áframhaldandi setu við samningaborð makrílveiða. Ástæðan er sú að Norður-Atlantshafsmakrillinn hrygnir innan írsku lögsögunnar, auk þess sem veiðar eru stundaðar þar í smáum stíl.

Núgildandi samningur ESB, Norðs og Færeyja um skiptingu á kvóta vegna veiða á makríl rennur út um komandi áramót, en þessir þrír aðilar sömdu sín á milli án aðkomu Íslands eða Grænlands. Á þeim tíma



Makrill gerði vart við sig við Ísland fyrir um áratug síðan. MYND/JÓN JÓNSSON

voru aðeins um fimm ár síðan makrillinn hóf að ganga inn í lögsögu Íslands og Grænlands í verulegu magni. Samkvæmt því samkomulagi áttu þessir þrír aðilar að veiða um 84 prósent af leyfilegu heildarmagni, sem ákvarðað var af Alþjóðahafnarannsóknaráðinu (ICES). Vart þarf að taka fram að Íslendingar og Grænlandingar undu því ekki að halda eftir aðeins 16 prósentum leyfilegs afla fyrir sig. Afleiðingin er sú að síðastliðinn áratug hefur heildarveiði á makríl í NA-Atlantshafi verið vel yfir veiðiráðgjöf ICES.

Áður hafði samningafundur allra strandríkja í Edinborg í mars 2014 ekki skilað árangri. Nokkrum dögum síðar mælti samninganefnd ESB sér mót við Norðmenn og Færeyinga í London, þar sem gengið var frá aðurnefndum samningi. Upprunalegur samningur ríkjanna þriggja var fyrir árin 2014 til 2018, en samstarfið var svo framlengt síðastliðin tvö ár til eins árs í senn. Þess má geta að forsvarsmáður samninganefndar ESB árið 2014 var breskur. Þegar kom að framlengingu á samningnum fyrir árin 2019 og 2020 var Bretanum skipt

» Afleiðingin er sú að síðastliðinn áratug hefur heildarveiði á makríl í NA-Atlantshafi verið vel yfir veiðiráðgjöf ICES.

út fyrir Ítala með starfsstöð í Brussel.

Á síðasta samningafundi strandríkja yfirgnæfði útganga Bretlands úr ESB yfir öll önnur álitæfni tengd makrílveiðum. Einn viðmælandi Markaðarins lýsti fundinum sem stórukeppni milli Breta og ESB. Samningamaður Breta var sagður hafa umboð til að halda samtali gangandi milli aðila, en ekkert mikið meira en það þar sem strangt til tekið hafði ESB enn þá umboð Breta, en þeir ganga ekki formlega úr ríkjasambandinu fyrir en nú um áramótin. Norðmenn og Færeyingar virtust tilbúnir að semja við annaðhvort Bretland eða ESB og voru sagðir í hlutlausum gir, enda alls ekki á hreinu hvernig viðskilnaður Bretlands við ESB yrði.

Sjávarútvegsmál eru helsta bitbein ESB og Bretlands um þessar mundir, en hugsanlegt er að Bretland yfirgefi ríkjasambandið án samnings vegna þess að engin lausn er í sjónmáli í þeim efnum. Ætla má að makrill skipti þar miklu máli, enda er það verðmætasti fiskistofninn í breskri lögsögu og einn þeirra stofna innan hennar sem talinn er í heilbrigðu

ástandi, ólíkt öðrum á borð við Norðursjávarþorskstofninn sem hefur verið ofveiddur um margra ára skeið. Einnig er það Bretum enn þá í fersku minni að þegar þeir undirgengust sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB á áttunda áratugnum var það meðal annars réttlætt með því að áfram væri hægt að sækja á miðin við Ísland, en allir vita hvernig það fór.

Hagur allra er að ná samkomulagi um makrílveiðar. Meðal annars vegna þess að máli skiptir á hvaða tíma árs er veitt. Makrillinn er í sínu besta ástandi til mannelis þegar hann hefur nýtt sumarið til að nærast við Íslandsstrendur og tekið sundsprettinn aftur suður í átt að Hjaltrandseyjum. Íslenska útgerðin myndi eflaust vilja geta bedið þangað til seint í ágúst eða byrjun september með að hefja makrílveiðar til að fá sem hæst afurðaverð og hafa möguleika á því að sækja fiskinn inn í lögsögu Breta eða Færeyinga.

Samningaviðræðum strandríkja um makríl hefur hins vegar verið líkt við kjarasamningaviðræður þar sem samkomulag er milli aðila um flest nema launaliðinn – í þessu tilfelli skiptingu kvótans. Þar sem engin alþjóðleg aðferðafræði er fyrir hendi til að skipta viðförlum uppsjávarstofnum milli tveggja eða fleiri ríkja, skyldi enginn halda í sér andanum eftir samningi fyrir vertíðina 2021, nema síður væri.

Á frettabladid.is finnur þú..

- nýjar fréttir
 - léttar fréttir
 - íþróttafréttir
 - viðskiptafréttir
 - skoðanapistla
 - Halldór
- og auðvitað blað dagins ásamt eldri blöðum





Vaxtabyrði ríkissjóðs Íslands gæri orðið um 2,14 prósent af landsframleiðslu samanborið við tæplega eitt prósent hjá gríska ríkinu. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Hagkerfið krafið um meiri fórnir

Útlit er fyrir að vaxtabyrði ríkissjóðs verði mun hærri en í samanburðarríkjum vegna hækkunar langtíma- vaxta. Ríkið þarf hærri skatta, meiri niðurskurð eða meiri hagvöxt til að grynna á skuldum. Pattstaða á skuldabréfamarkaði er sögð vera til trafala.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is




Hækkun langtíma- vaxta á markaði veldur því að íslenska ríkið er verr í stakk búið til að rétta úr kútnum en ella, í samanburði við önnur vestræn ríki sem búa við betri vaxtakjör og sjá fram á hlutfallslega minni skuldaföfnun vegna kórónakreppunnar.

„Það er ekki bara skuldahlutfallið sem við þurfum að huga að heldur einnig vaxtakjörin, sem eru lakari en í mörgum samanburðarríkjum. Aukning skulda leggst því þyngri á íslenska ríkið sem þarf meiri skattheimtu, niðurskurð eða hagvöxt til að grynna á skuldum í framtíðinni,“ segir Ingólfur Bender, aðal- hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. „Við þurfum að fara mjög varlega í þessu.“

Ávöxtunarkrafa lengri ríkisskuldabréfa hefur hækkað verulega á síðustu mánuðum, meðal annars vegna söluprýstings frá erlendum sjóðum, lítillar eftirspurnar lífeyris- sjóða eftir ríkisbréfum og mikillar óvissu um það hvernig ríkissjóður ætlar að fjármagna gifurlegan fjárlagahalla á næstu árum.

Til að mynda hefur ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa til 10 ára, sem stendur nú í 3,3 prósentum, hækkað um rúma prósentu frá því um miðjan ágúst. Krafa er nú á svipuðu reki og hún var um miðjan janúar þrátt fyrir að Seðlabanki

Halli/afgangur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu



Vextir á tíu ára ríkisskuldabréfum

Land	Tíu ára vextir	Land	Tíu ára vextir
Þýskaland	-0,62%	Bretland	0,23%
Slóvakía	-0,55%	Taívan	0,28%
Sviss	-0,54%	Ítalía	0,51%
Holland	-0,54%	Lettland	0,55%
Danmörk	-0,50%	Grikkland	0,59%
Austurríki	-0,47%	Kanada	0,74%
Finnland	-0,43%	Nýja-Sjáland	0,86%
Belgía	-0,43%	Ísrael	0,86%
Frakkland	-0,38%	Noregur	0,87%
Írland	-0,32%	Singapúr	0,91%
Slóvenía	-0,24%	Bandaríkin	0,92%
Svíþjóð	-0,05%	Ástralía	0,98%
Portúgal	-0,04%	Tékkland	1,26%
Spánn	0,00%	Suður-Kórea	1,67%
Japan	0,01%	Ísland	3,29%
Litháen	0,07%		
Kýpur	0,11%		
Malta	0,21%		

Íslands hafi lækkað stýrivexti um 2,25 prósent á árinu og efnahags- horfur hafi snarversnað.

„Flest ríki eru að auka við skuldir sínar í faraldrinum en við erum að sjá töluvert ýktari hreyfingar á innanlandsmarkaði heldur en erlendis. Ef við horfum á Norðurlöndin hefur ávöxtunarkrafa einungis hækkað á Íslandi og í Noregi á síðustu sex mánuðum og mest á Íslandi,“ segir Ingólfur Snorri Kristjánsson, forstöðumaður skuldabréfastýringar hjá Íslandssjóðum. „Þetta gerist á sama tíma og við horfum fram á að lengri tíma taki fyrir 90 hagkerfið að jafna sig af veirufaraldrinum en áður var talið.“

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar frá því í byrjun október gerir ráð fyrir að skuldir hins opinbera, það er bæði ríkis og sveitarfélaga, sem námu tæplega 28 prósentum af vergri landsframleiðslu í árslok 2019, geti hækkað upp í 65 prósent fyrir lok árs 2025. Síðan þá hefur fjárlaganefnd Alþingis gert breytingartillögu við fjárlagafrumvarp, sem hækkar fjárlög næsta árs um 55 milljarða króna miðað við fyrri áætlanir. Fjárlagahalli næsta árs verður því 320 milljarðar króna, eða um 10,4 prósent af landsframleiðslu.

„Vaxtabyrðin verður óvída þyngri þannig að ekki er hægt að benda á önnur ríki og þeirra skuldahlutfall, og tala um að við höfum nægt svigrúm til aukinnar skuldsetningar,“ segir Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahags- sviðs Samtaka atvinnulífsins.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf

Flest ríki eru að auka við skuldir sínar í faraldrinum en við erum að sjá töluvert ýktari hreyfingar á innanlandsmarkaði heldur en erlendis.

Ingólfur Snorri Kristjánsson, forstöðumaður skuldabréfastýringar hjá Íslandssjóðum




í október út spá um þróun skuldahlutfalls ríkja á næstu árum. Spáin varpar ljósi á að hallarekstur hins opinbera hér á landi verði mun meiri en í nágrannalöndum, svo sem Norðurlöndunum.

Ef gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs árið 2025, um 65 prósent af landsframleiðslu samkvæmt fjármálaáætlun, verði á þeim vöxtum sem ríkið fjármagnar sig á til tíu ára eins og staðan er í dag, um 3,3 prósent, þá verður vaxtabyrði ríkissjóðs 2,14 prósent af landsframleiðslu.

Til samanburðar verður vaxtabyrði Grikklands um 0,98 prósent af landsframleiðslu, en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir að skuldahlutfall hins opinbera í Grikklandi verði um 166 prósent



Vaxtabyrði miðað við skuldastöðu 2025 og núverandi 10 ára vexti - sem hlutfall af landsframleiðslu



HEIMILDAGS

Lífeyrissjóðirnir eru ekki hagstjórnartæki sem ríkið gripur til þegar gefur á bátinn.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landsamtaka lífeyrissjóða



Þegar lífeyrissjóðirnir stóðu frammi fyrir ákvörðun um að fjárfesta í hlutfjárútboði Ícelandair, var ein röksemdin fyrir þátttöku sjóðanna sú að þeir þyrftu að horfa á málið í við samhengi. Íslenskt efnahagslíf, og þar með eignasöfn lífeyrissjóðanna, ætti mikið undir því að tryggja flugrekstur Ícelandair.

Eru líkindi á milli hlutfjárútboðs Ícelandair og skuldabréfaútboðs ríkisins að því leyti að efnahagslífið, og þar með eignasöfn sjóðanna, á mikið undir þátttöku sjóðanna?

„Okkur er skylt að hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við allar fjárfestingaákvörðanir og því þarf að taka samfélagslega ábyrgð með í reikninginn,“ segir Guðrún en sem stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna greiddi hún atkvæði með þátttöku sjóðsins í útboðinu, einkum með vísan til þeirra viðtæku hagsmuna sem voru í húfi.

„Lífeyrissjóðirnir geta ekki látið undan þrýstingi um að fjármagna ríkisskuldur. Þeir geta ekki hvíkað frá ábyrgð gagnvart sjóðfélögum,“ segir Guðrún. Hún tekur fram að lífeyrissjóðir hafi sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með því að styðja kröftuglega við íslenskt atvinnulíf í gegnum árin.

Vill ekki rjúka upp til handa og fóta vegna lágvaxtaumhverfis

Litill áhugi lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum hefur vakið upp spurningar um lögbundna 3,5 prósentu uppgjörskröfu sjóðanna – einnig kölluð ávöxtunarviðmið – og hún sögð mögulega vera of há, miðað við núverandi lágvaxtaumhverfi.

Í nýlegri umfjöllun Markaðarins sagði Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, að lágvaxtaumhverfið varpaði ljósi á hversu „úrelt“ þetta viðmið væri orðið. Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, sagði að heppilegra hefði verið að gera breytingu á viðmiðinu fyrir nokkrum árum heldur en nú, þegar ríkissjóður þarf á miklu fjármagni að halda. Breytingar af slíkum ástæðum gætu „grafið undan trúverðugleika kerfisins“.

Guðrún bendir á að uppgjörskraftan sé notuð til að núvirða eignasöfn lífeyrissjóða í heild sinni en ekki einstakar fjárfestingar við tiltekna markaðsaðstæður.

„Lífeyrissjóðir hafa sýnt og sannað að þeir hafa fjárfest undir þessu viðmiði, til dæmis í skuldabréfaútboði Haga þar sem sem ávöxtunarkraftan fór undir 3,5 prósent. Einnig má nefna nýlegar skuldabréfaútgáfur fasteignafélaganna sem eru allar vel undir 3,5 prósentu ávöxtunarkröfu, lífeyrissjóðir hafa verið áberandi kaupendur þessara bréfa. Það er því ljóst að þetta viðmið hefur ekki hamlað lífeyrissjóðum,“ segir Guðrún og ítrekar að lífeyrissjóðir séu langtímafjárfestar.

„Uppgjörskrafta upp á 3,5 prósent er alls ekki fráleitt viðmið fyrir lífeyrissjóði sem hafa í gegnum árin sýnt að þeir geti náð þessari ávöxtun. Ég sé ekki ástæðu til að rjúka upp til handa og fóta þó svo að vextir hafi verið lágir í tvö ár eða svo. Við þurfum að horfa áratugi fram í tímann.“

Ekki sama hvernig lánsfénu er varið

Í ljósi þess að hið opinbera horfir fram á meiri hallarekstur á verri lánskjörum en flest önnur samamburðarríki, er mikilvægt að verja fjármunum með skynsamlegum hætti að sögn Ingólfs Bender. Hann segir Samtök iðnaðarins nokkuð ánægð með forgangsroðun sem birtist í fjárlögum ríkissjóðs.

„Forgangsroðunin hefur verið á þætti eins og nýsköpun, innviði, menntun og bætt starfsumhverfi fyrirtækja. Áherslan hefur verið á þessa þætti sem skipta mestu fyrir framleiðni og samkeppnishæfni. Við höfum verið ánægð með þessar áherslur þó svo að alltaf megi hnika einhverju til,“ segir Ingólfur.

„Það skiptir máli hvernig peningunum er varið, það er að segja að þeim sé ekki sóað í verkefni sem engum eða litlum ávinningi skila, heldur varið í að skapa grundvöll fyrir aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa,“ bætir hann við.

Hins vegar er ekki á vísan að róa með þátt sveitarfélaga. „Sveitarfélögin hafa mörg hver boðað aðgerðir sem hafa verið í anda þess sem ríkið hefur boðað. Til dæmis boðuðu mörg þeirra auknar innviðafjárfestingar sem mótvægisáðgerð við efnahagsáfalli faraldursins. Við eigum eftir að sjá hvernig efndirnar verða. Ég

Það er óábyrgt að treysta á slíkan hagvöxt og hafa þarf hugfast að sögulega lágt vaxtastig endurspeglar einmitt dræmar hagvaxtarhorfur.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins



hef að vissu leyti áhyggjur af því að sveitarfélögin standi ekki öll við þessi loforð.“

Anna Hrefna hjá SA segir mikilvægt að tryggja að þau fjárfestingaverkefni sem sveitarfélög ráðast í verði sannarlega arðbær. „Það er erfitt að sjá hvernig þau sveitarfélög, sem ekki hafa fjárhagslegt svigrúm, ætli að fjárfesta sig út úr kreppunni án þess að auka verulega við skuldsetningu sína og ógna þannig sjálfbærni fjármála sinna. Ef fjárfestingar þeirra skila ekki arði þurfa þær að vera fjármagnaðar úr rekstrinum en það lítur ekki út fyrir að mikið svigrúm verði til þess.“

taka lán að fjárhæð samtals 360 milljörðum króna í erlendri mynt á þessu ári en ekki hefur verið gefin út skýr stefna um áætlanir ríkissjóðs í þessum efnum.

Síðasta erlenda fjármögnun ríkissjóðs var í maí þegar gefið var út skuldabréf að fjárhæð 500 milljónum evra, jafnvirði um 76 milljarða króna á þáverandi gengi. Nam eftirspurnin nærri sjöfaldrum fjárhæð útgáfunnar.

Tryggja þarf aðkomu sjóða

Þrátt fyrir erlenda lántöku, sem felur í sér gjaldeyrisáhættu, og magnbundna íhlutun Seðlabankans, sem er takmörkuð við 150 milljarða króna, er fjármagnsþörf ríkisins af þeirri stærðargráðu að mikilvægt er að tryggja þátttöku lífeyrissjóðanna, stærstu innlendu stofnana fjárfestinganna, að sögn Ingólfs Snorra hjá Íslandssjóðum. Hann bendir á að framan af ári hafi

ríkissjóði gengið vel að fjármagna sig með útgáfu styttri skuldabréfa sem keypt voru að miklu leyti af bönkum.

„En það verður að segjast að það hefur gengið erfiðlega að fá lífeyrissjóðina til að fjármagna ríkissjóð á lengri endanum í því magni sem ríkið hefur þörf fyrir. Það er ákveðin þáttstæða í gangi á skuldabréfamarkaðinum í dag,“ segir Ingólfur Snorri.

Á stuttum tíma hefur framboð ríkisskuldabréfa stóruaust en á sama tíma hefur eftirspurnin ekki verið að aukast að sama skapi. Ingólfur Snorri bendir á að útgáfuáætlun ársins hafi breyst úr því að vera neikvæð um 20 milljarða í ríflega 100 milljarða aukningu og erlendir aðilar hafi selt fyrir um 30 milljarða frá júnílokum.

„Þegar eftirspurnarhlíðin stækkar ekki að sama skapi þá skilar það sér í hærri ávöxtunarkröfu eins og við

Aukning skulda leggst því þyngra á íslenska ríkið sem þarf meiri skattheimtu, niðurskurð eða hagvöxt til að grynnka á skuldum í framtíðinni.

Ingólfur Bender, aðalhafnir Samtaka iðnaðarins



höfum séð að undanfögnu. Til að fá betra jafnvægi þyrfti að sjá meiri endurkaup af hálfu Seðlabankans, nýtt innflæði, til dæmis frá erlendum aðilum eða minnka framboðið innanlands með því að gefa út erlendis,“ segir Ingólfur Snorri.

Eru ekki hagstjórnartæki

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Markaðinn í nóvember að hann hefði áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir væru að mestu fjarverandi þegar kemur að því að fjármagna bankakerfið og eins ríkissjóð, með kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði.

Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum, sem hlutfall af heildarmagni, hefur lækkað úr 40 prósentum niður í 37 prósent frá áramótum. Uppfærðar fjárfestingastæður sjóðanna, sem þeim ber að skila árlega til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, benda til þess að hlutfallið geti minnkað enn frekar á næstu misserum.

Samtryggingadeild Almenna lífeyrissjóðsins mun til að mynda lækka hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa af eignasafni sínu úr tæplega 22 prósentum niður í 10 prósent. Aðrir stórir sjóðir á borð við Gildi og LSR hyggjast einnig minnka vægi ríkisbréfanna.

„Innan lífeyrskerfisins ríkir skilningur á fjárförf ríkisins en lífeyrissjóðirnir eru hins vegar ekki hagstjórnartæki sem ríkið gripur til þegar gefur á bátinn,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landsamtaka lífeyrissjóða. Hún leggur auk þess áherslu á að lífeyrissjóðirnir séu ekki ein heild heldur sjálfstæðir, mismunandi að gerð og með mismunandi áherslur.



Arni Páll Einarsson tók við sem framkvæmdastjóri fiskeldisfyrirtækisins Matorku árið 2013, þegar fyrirtækið var tveggja ára gamalt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Matorka í miklum vaxtarfasa

Fiskeldisfyrirtækið Matorka mun stórauка framleiðslu sína á næstu árum. Þúsund tonn á þessu ári og stefna á meira en tvöföldun á því næsta. Luku nýlega við umfangsmikla fjármögnun. Heilsusjónarmið og umhverfissjónarmið eru farin að veга æ þyngra.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Matorka, sem sérhæfir sig í umhverfissvænu fiskeldi á laxfiskum hér á landi, gekk nýlega frá umsvifamikilli fjármögnun til þess að renna stóðum undir verulega aukningu á framleiðslugetu.

„Árið í ár verður fyrsta árið sem við framleiðum meira en 1.000 tonn,“ segir Arni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Matorku, í samtali við Markaðinn. Hann tók við sem framkvæmdastjóri árið 2013, þegar fyrirtækið var tveggja ára gamalt og framleiddi einungis 50 tonn. Síðan þá hafa umsvifin meira en tuttugufaldast.

Helsta afurð Matorku er alíslensk bleikja, en félagið hóf einnig slátrun á sjóbirtingi í febrúar síðastliðnum, og er með leyfi til laxeldis. Vaxtaráform fyrirtækisins eru mjög metnaðarfull en þar sem hótél og veitingastaðir eru stór hluti af viðskiptavinahópi Matorku, setti kórónaveiran strik í reikninginn.

„Vöxturinn hefði verið mun meiri ef ekki hefði verið þessa veiru,“ segir Arni og bætir við að framleiðslan í ár verði um 1.000 tonn og vaxi um 20 prósent á milli ára. „Þetta er tala sem við ætlum að margfalda. Á næsta ári stefnum við á að fara upp í 2.000 - 2.500 tonn og árið þar á eftir ætlum við að fullnýta núverandi framleiðslueiningu.“

Matorka er með eldisstöðvar í Grindavík, seiðaelði að Fellsmúla í Landsveit á Suðurlandi og jafnframt fiskvinnsluhús í Grindavík sem sinnir flökun, frystingu og þökkun. Uppbygging á eldiseiningu í Grindavík, sem tvöfaldar framleiðslugetuna úr 1.500 tonnnum upp í 3.000 tonn á ári, kláraðist á árinu sem er að liða.

„Þegar kemur að því að framleiða laxfisk í sláturstærð þá var fiskeldisstöðin okkar í Grindavík fyrsta stöðin til að vera byggð hér á landi í áratugi. Þess vegna er hún mun þróaðri en aðrar stöðvar. Við höfum fjárfest um 20 milljónum dollara í framleiðsluferlinu og erum fyrir vikið með glænýja stöð þar sem við nýtum nýjustu tækni og framfarir í fiskeldi,“ segir Arni.

Þá hefur félagið einnig fengið leyfi fyrir standandi lífmassa upp á 6 þúsund tonn, sem þýðir að á hverjum tímupunkti mega vera 6 þúsund tonn aflifandi fiski í stöðinni.

Tekjur Matorku á síðasta ári námu rétt tæplega 700 milljónum króna og jukust um 28 prósent á milli ára. Þær verða tæplega milljarður á þessu ári að sögn Arna. Þá var EBITDA félagsins – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – jákvæð um 76 milljónir króna.

Matorka gekk nýlega frá endurfjármögnun hjá Arion banka upp á 1.300 milljónir króna og vinnur að hlutfjárúkningu upp á rúmlega 400 milljónir króna. Kvika banki hefur veitt fyrirtækinu ráðgjöf í fjármögnunarferlinu.

„Við erum ágætlega fjármagnaðir til að takast á við mikinn vöxt á næstu árum,“ segir Arni og bætir við

/// Velta Matorku (m.kr.)

2015	4,7
2016	18,5
2017	172,3
2018	545,1
2019	698,1
2020	(áætlað) 900

að stefnan sé sett á skráningu hér heima, eða erlendis, í framtíðinni.

Eignarhald í Matorku skiptist nokkurn veginn jafnt milli innlendra og erlendra fjárfesta. Stærsti hluthafinn er svissneska eignarhaldsfélagið Matorka Holding AG, en eftir því sem Markaðurinn kemst næst miðar fjármögnun Matorku meðal annars að því að losa um eignarhlut svissneska eignarhaldsfélagsins. Næststærsti hluthafinn er hollenski sjóðurinn Aqua Spark, sem sérhæfir sig í fjárfestingum í sjálfbærni fiskeldi.

Þá eru þrír innlendir fjárfestar á lista yfir tíu stærstu hluthafa Matorku. Inning ehf., félag Bjarna Kristjáns Þorvarðarsonar, fer með rúmlega 8 prósent hlut. Eldhrímnir ehf., sem er í eigu hjónanna Ingimundar Sveinssonar arkitekts og Sigríðar Arnbjarnardóttur, auk þriggja barna þeirra, á þriggja prósent hlut og P 126 ehf., félag Einars Sveinssonar fjárfestis, er með rúmlega tveggja prósent hlut.

Af hverju landeldi en ekki sjókvíaelði?

„Mörg umhverfissvandamál samtímans eru tengd hafinu eins og súrnun sjávar og mengun. Þetta má rekja beint til mannfólksins og með því að færa framleiðsluna upp á land er verið að gera það sem hægt

er til þess að vernda lífríki hafsins í kringum okkur,“ segir Arni Páll.

„Auk þess kemurðu í veg fyrir þessa erfðamengun sem fólk er hrætt við að sjókvíaelði geti valdið, til dæmis að lax úr eldiskvíum strjúki og erfðablandist villtum stofnum sem eiga nú þegar undir högg að sækja. Svona hlutir gera það að verkum að maður fer með framleiðsluna upp á land og býður kúnnanum upp á annan valkost hvað varðar laxfiska.“

Þá er hreinleiki vörunnar eitt af því sem höfðar til stækkandi viðskiptavinahóps Matorku. „Í landeldinu erum við blessunarlega laus við notkun á hinum og þessum efnem sem þarf að nota á laxalús í sjó. Okkar kúnnar vilja að sjálf-sögðu fá góða vöru á góðu verði en heilsusjónarmiðin og umhverfissjónarmiðin eru farin að veга þyngra og þyngra.“

Aðspurður segir Arni að landeldi á laxfiskum muni þó aldrei geta komið í stað sjókvíaeldis þrátt fyrir umhverfissjónarmiðin. Framleiðsla á landi er mun minni en í sjókvíunum og fyrirséð er að laxfiskaframleiðsla heimsins þurfi að gríðarlega dýrt að berjast við laxalús í sjó þá er okkar framleiðslu-kostnaður í raun mjög sambærilegur við sjókvíaelði. Það kostar um 1-2

milljarða dollara ári að berjast við laxalús á heimsvísu.

„Það er langur tími fyrir ung, eða ný, fyrirtæki sem eru með fólk í vinnu og eru ekki endilega fullfjármögnuð. Almennt má segja regluverkið sé nokkuð sanngjarnt en tafir vegna leyfisveitinga flækjast fyrir.“

Það kostar um 1-2 milljarða dollara á ári að berjast við laxalús á heimsvísu. Á landi erum við alveg laus við þetta kostnaðarsama vandamál.

milljarða dollara ári að berjast við laxalús á heimsvísu. Á landi erum við alveg laus við þetta kostnaðarsama vandamál,“ segir Arni.

Matorka er ekki í Landssambandi fiskeldisstöðva. Fara hagsmunir landeldis og sjókvíaeldis saman?

„Hlutirnir hafa þróað þannig að við erum ekki í þessum samtökum. Á heildina litið held ég að landeldi og sjókvíaelði eigi þó sameiginlega hagsmuni að mörgu leyti, sérstaklega þegar kemur að öflugum markaðsstarfi fyrir íslenskan eldisfisk á erlendri grundu. Einnig hvað varðar ráðgefandi hlutverk varðandi reglugerðir og lagasetningu.“

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir uppgang landeldis á Íslandi?

„Það tekur gríðarlega langan tíma að fá leyfi til fiskeldis. Leyfismál í fiskeldi á Íslandi eru orðin svo svifasein að það vekur óhug þeirra sem vilja fara út í þennan bransa. Við erum til dæmis nýbúin að fá leyfi til stækkunar og það tók heil fjögur ár. Það er langur tími fyrir ung, eða ný, fyrirtæki sem eru með fólk í vinnu og eru ekki endilega fullfjármögnuð. Almennt má segja regluverkið sé nokkuð sanngjarnt en tafir vegna leyfisveitinga flækjast fyrir.“

Raunvitund upprætir ranghugmyndir

Þýðanda bókarinnar Factfulness þykir áhugavert að fólk sjái almennt ekki að heimurinn sé betri en flestir halda. Hans Rosling, höfundur bókarinnar, leggur til að fólk flokki ekki lönd sem ýmist rík eða fátæk heldur grófflokki þau í fjögur þrep eftir tekjum.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivi@frettabladid.is



Hans Rosling, höfundur bókarinnar Factfulness, eða Raunvitund á íslensku, er ekki að uppræta þekkingarleysi heldur kerfisbundnar ranghugmyndir sem byggja ekki á skorti á upplýsingum heldur röngum upplýsingum um heiminn. Þetta segir Gunnar Dofri Ólafsson, þýðandi bókarinnar, sem kom út fyrir skemmstu hjá forlaginu Sölkú.

Gunnari Dofra þykir áhugavert að fólk sjái almennt ekki að heimurinn sé betri en flestir halda. „Það féllu allir á prófi um stöðu mála í heiminum sem Rosling lagði fyrir fólk, sama hve vel menntað það var eða hvaða stöðu það gegndi í samfélaginu.“

Rosling var sænskur læknir og prófessor í hnattrænni lýðheilsufræði. Fyrri hluta starfsævinnar starfaði hann sem læknir í löndum þar sem örbirgð var allsráðandi og sá hana því með eigin augum. Bókina skrifaði Rosling með hjálp sonar síns og tengdadóttur, „eiginlega á dánarbedinum í kapphlaupi við krabbamein,“ upplýsir Gunnar Dofri.

„Þegar ég las hana í svo til einum rykk fann ég hvað hún hafði mikil áhrif á mig. Raunvitund er ekki þurr upptalning á staðreyndum heldur tilraun Rosling til að hjálpa okkur að sjá kerfisbundnar ranghugmyndir sem blinda okkur á þær framfarir sem hafa orðið undanfarið ár, áratugi og árhundrað,“ segir hann.

Hvað getum við gert til að öðlast raunsærri sýn á heiminn, að mati Hans Rosling?

„Lökað raunvitund, sem er orðaleikur á núvitund, og lifað þannig í rauninni eins og okkur er réttléga kennt að lifa í núinu. Tileinkað



Gunnar Dofri Ólafsson þýðandi bókarinnar Factfulness. MYND/VALLI

okkur að vera gagnrýnin á þær upplýsingar sem við fáum. Gott dæmi er að finna í fimmta kafla bókarinnar. Okkur er oft stillt upp frammi fyrir gífurlega hárrí tölu en engu samhengi. Hvað finnst þér til dæmis um að árið 2016 dóu 4,2 milljónir barna áður en þau náðu eins árs aldri? Ég skal segja þér hvað það er, það er hræðilegt. Það er ömurlegt í

alla staði. Heimurinn er ekki góður staður. En árið 1950 dóu 14,4 milljón börn áður en þau urðu eins árs. Á tímabilinu 1950 til 2016 dróst ung- barnadæði ótrúlega mikið saman, sérstaklega þegar horft er til þess að miklu fleiri börn fæddust árið 2016 en 1950. Þannig að já, heimur þar sem 4,2 milljónir barna deyja áður en þau verða eins árs er ekki

Fréttáflutningur of neikvæður

Hans Rosling gagnrýndi fréttáflutning í bók sinni Raunvitund. „Fréttáflutningur er að mati Hans Rosling oft miðaður að því neikvæða og í hvert skipti sem við fréttum eitthvað af umheiminum, sem er mjög stór og fjölmennur staður, er það neikvætt,“ segir Gunnar Dofri. „Síbylja neikvæðra fréttu utan úr heimi fær okkur til að halda að heimurinn sé miklu verri og hættulegri staður en hann raunverulega er. Tökum flug sem dæmi. Á hverju ári, í því sem var eðlilegt ástand

fyrir tæpu ári, tóku 40.000.000 flugvélar á loft í millilandaflugi og 40.000.000 flugvélar í áætlanaflogi lentu heilu og höldnu. Það er engin frétt. Einn skiptin sem við heyrum af flugvélum er þegar eitthvað fer úrskeiðis. Og því er kannski alveg eðlilegt að við höfum þá mynd af flugi að það sé hættulegt. Það að fjalla um flugslys er auðvitað ekki óeðlilegt, en að halda að fréttáflutningur af flugslysum sé lýsandi fyrir áætlanaflog er mjög óeðlilegt.“

Okkur er oft stillt upp frammi fyrir gífurlega hárrí tölu en engu samhengi.

Gunnar Dofri Ólafsson, þýðandi bókarinnar Raunvitund

góður heimur. En hann er betri en hann var árið 1950. Og við þurfum að halda áfram að bæta hann.“

Gunnar Dofri segir að Rosling leggi til að fólk flokki ekki lönd sem ýmist rík eða fátæk heldur grófflokki þau í fjögur þrep eftir tekjum, þar sem þær tvöfaldast milli þrepa. Enn fremur bendi höfundur bókarinnar á að fólk í öllum löndum sé í öllum þrepum. „Um fimm af þeim riflega sjö milljörðum sem deila plánetunni með okkur búa hvorki við örbirgð né heldur ríkidæmi eins og við á Vesturlöndum. Þessir fimm milljarðar eru einhvers staðar þarna á milli. Hans Rosling leggur ofuráherslu á að það er himinn og haf á milli þess að búa við örbirgð á þrepi eitt eða við fátækt á þrepi tvö. Í augum okkar Íslendinga virðast allir sem hafa það ekki jafngott

og við hafa það slæmt, en fólk sem hefur fundið á eigin skinni að fara upp um þrep, sérstaklega af þrepi eitt á þrep tvö myndi segja muninn vera gríðarmikinn.“

Bókin fjallar um að heimur batnandi fer. Nú hefur COVID-19 snúið öllu á hvolf og fátækt aukist í heimsfaraldrinum. A bókinn enn erindi við lesendur?

„Tvímælaust. Afleiðingar faraldursins eru einmitt til marks um hvað hann er rosalegur. Milli árána 1997 og 2017 lækkaði hlutfall þeirra sem búa við örbirgð, sem er skilgreind sem 1,9 Bandaríkjadalir á dag, úr 29 prósentum mannkyns í 9 prósent, á sama tíma og mannkyni fjölgaði úr sex milljörðum í sjö og hálfan þessi breyting samsvarar því að rúmlega 130.000 manns hafi brotist úr örbirgð á hverjum einasta degi í 20 ár. Það að faraldurinn hafi, vonandi tímabundið, snúið þessari þróun við, segir okkur að við verðum að halda áfram að styðja alþjóðastofnanir sem aðstoða fátæk lönd, halda áfram að tryggja stúlkum menntun og halda áfram að koma í veg fyrir að eitthvað jafnsmávægilegt og niðurgangur geti drepit fólk þegar við komum böndum á faraldurinn.“

Markaðspreifingar á fjármálamarkaði



Stefán Orri Ólafsson
lögmaður og meðeigandi á LEX lögmannsstofu

Isamráðsgátt stjórnvalda hafa nú verið birt drög að frumvarpi til nýrra laga um markaðssvik sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi ákvæði laga um verðbréfavíðskipti um meðferð innherjaupplýsinga, víðskipti innherja og markaðsmisnotkun. Með lögnum verður innleidd í íslenskan rétt, með tilvísunaraðferð, reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR). Við gildistöku laganna munu sömu reglur gilda hér á landi og í ríkjum Evrópusambandsins hvað varðar meðferð innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun. Um er að ræða afar jákvætt skref fyrir íslenskan fjármálamarkað og markaðsaðila alla.

Eitt þeirra nýmæla sem frumvarpið mælir fyrir um eru sérstök ákvæði um svokallaðar markaðspreifingar (e. market soundings). Með markaðspreifingum er átt við samskipti milli seljanda fjármálagerninga (eða ráðgjafa hans) og

eins eða fleiri mögulegra fjárfesta, áður en víðskipti eru gerð opinber, til að kanna áhuga fjárfesta á hugsanlegum víðskiptum og verðlagningu þeirra, umfangi og uppbyggingu. Slíkar þreifingar, sem geta bæði átt sér stað í aðdraganda frumútboðs fjármálagerninga eða vegna fjármálagerninga sem þegar hafa verið teknir til víðskipta á skipulegum markaði, kunna eðli máls samkvæmt að kalla á miðlun innherjaupplýsinga. Miðlun slíkra upplýsinga er alla jafna óheimil. Markaðspreifingar hafa hins vegar verið álitnar nauðsynlegt tæki til að tryggja skilvirki fjármálamarkaða.

Þótt engin sérstök ákvæði séu í núgildandi lögum hefur þess vegna verið litið svo á að þegar innherjaupplýsingum er miðlað við markaðspreifingar geti miðlunin talist hafa átt sér stað í „eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir“ og feli þar af leiðandi ekki í sér innherjasvik. Ákvæðin óvissa kann því að vera til staðar undir þessum kringumstæðum samkvæmt núgildandi lögum. Ákvæði MAR mæla aftur á móti fyrir um ítarlegar reglur um hvernig markaðsaðilar skuli bera sig að við markaðspreifingar. Sé reglunum fylgt teljast markaðsaðilar falla innan fyrirfram skilgreinds

verndarsvæðis (e. safe harbor) og geta treyst því að miðlun þeirra á innherjaupplýsingum sé lögmæt.

Reglur MAR um markaðspreifingar gilda að meginsteftu til um útgefendur skráðra fjármálagerninga, framseljanda skráðra fjármálagerninga þegar fyrirhuguð víðskipti uppfylla tiltekin skilyrði og aðila sem kemur fram fyrir hönd eða fyrir reikning þessara aðila. Til að falla innan verndarsvæðis reglnanna þurfa framangreindir aðilar að fullnægja nánar tilgreindum efnisskilyrðum þegar þeir miðla upplýsingum við markaðspreifingar. Í stuttu máli er markaðsaðila skylt, áður en hann framkvæmir markaðspreifingar, að meta hvort markaðspreifing feli í sér miðlun innherjaupplýsinga og skjalfesta þá niðurstöðu sína. Telji viðkomandi markaðsaðili að um innherjaupplýsingar sé að ræða þarf hann að afla sérstaks samþykkis þess aðila sem miðla á upplýsingunum til hvort hann vilji móttaka innherjaupplýsingar og upplýsa móttakandann um margvíslegar kvaðir því samfara.

Efnisskilyrðin eru svo nánar útfærð í viðbótar- og innleiðingarreglugerðum MAR. Þar er tilgreint með nákvæmum hætti hvernig markaðspreifingar og miðlun upplýsinga skuli eiga sér stað, hvaða upplýsingar skuli aflað frá mót-

Markaðsaðilar munu þurfa að tileinka sér nýtt formfastara skipulag þegar þeir eiga samskipti á grundvelli markaðspreifinga.

takanda, hvernig upplýsingum skuli miðlað og hvaða upplýsingar markaðsaðili skuli skrásetja og varðveita. Til viðbótar hafa verið útfærðir tilteknir tæknistaðlar um þau kerfi og sniðmát sem markaðsaðilar skulu notast við þegar þeir miðla upplýsingum á grundvelli markaðspreifinga.

Ákvæðnar skyldur hvíla einnig á þeim aðilum sem móttaka upplýsingar á grundvelli markaðspreifinga. Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitið, ESMA, hefur gefið út leiðbeiningareglur fyrir þá aðila. Samkvæmt leiðbeiningunum skulu móttakendur upplýsinga útfæra innri verkferla þar sem meðal annars er skilgreint hverjir þau eru innan viðkomandi lögaðila sem skulu taka á móti upplýsingunum og til hvaða aðgerða þeir aðilar eiga að grípa þegar upplýsingar eru móttæknar. Meðal fyrstu verkferna þeirra er að meta með sjálfstæðum hætti hvort þeir hafi móttakið innherjaupplýsingar. Skiptir

engu í því sambandi hvort sá sem miðlaði upplýsingunum hafi talið að viðkomandi upplýsingar væru ekki innherjaupplýsingar. Þá þarf móttakandi upplýsinga að skilgreina hvort innherjaupplýsingar sem hann hefur móttakið nái jafnframt til annarra fjármálagerninga eða útgefenda en viðkomandi víðskipti ná beinlínis til. Niðurstöður þessarar þarf móttakandi svo að skrá og varðveita með ákveðnum hætti.

Af framangreindu leiðir að innleiðing ákvæða MAR um markaðspreifingar í íslenskan rétt mun hafa talsverð áhrif á markaðsaðila héraðs, meðal annars útgefendur skráðra fjármálagerninga, stóra fjárfesta og ráðgjafa á markaði. Markaðsaðilar þessir munu þurfa að tileinka sér nýtt formfastara verklag þegar þeir eiga samskipti á grundvelli markaðspreifinga. Þáttur í því breytta verklagi ætti að vera innleiðing verkferla um hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga við framkvæmd markaðspreifinga annars vegar og móttöku upplýsinga vegna þeirra hins vegar. Mikilvægt er að slíkir verkferlar séu þannig uppsettir og innleiddir að þeir tryggji að reglum MAR sé fylgt þannig að viðkomandi markaðsaðilar geti treyst því að verklag þeirra falli innan verndarsvæðis reglnanna og miðlun þeirra á innherjaupplýsingum sé lögmæt.

Skotsilfur



Forystusæti

Það kemur ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti að **Kristrún Frosta-dóttir**, aðalhaf-fræðingur Kviku, hafi ákveðið að gefa kost á sér fyrir uppstillingu Samfylkingarinnar fyrir Alþingiskosningarnar. Hún hefur látið að sér kveða í umræðunni um fjármál hins opinbera og málflutningurinn rímað vel við áherslugu Samfylkingarfólks. Kristrún er sögð njóta stuðnings Loga formanns til að taka forystusæti í öðru hvoru Reykjavíkurborgardæmanna, sem yrði að líkindum á kostnað Ágúst Ólafs Ágústssonar. Hann gæti kannski fyllt í skarð Kristrúnar sem haf-fræðingur Kviku.



Billegt

Oddný Harðar-dóttir sagði á Twitter í vikunni að faraldurinn sýndi mikilvægi opinbers rekstrar í heilbrigðisþjónustu, þar sem lönd með slíkt kerfi hefðu komið betur út en lönd með einkavætt heilbrigðis-kerfi. Bretland (4. sæti), Spánn (6. sæti) og Ítalía (3. sæti) raða sér öll mjög ofarlega á lista yfir lönd með hæstu dánartíðnina á heimsvísu. Öll lönd státa af svo gott sem gjaldfrjálsu heilbrigðiskerfi fjármögnuðu af ríkinu. Óháð því hvaða rekstrarform er æskilegast, þá er billegt hjá Oddnýju að nýta sér hina afleitu stöðu sem COVID-19 hefur skapað til að fella dóma sem þessa.




Í Kauphöllina

Lífvenleg fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa að leiða saman hesta sína til að skapa arðvænlegan rekstur eftir faraldurinn. Vonandi munu forsvarsmenn þeirra sem eygja möguleika á að lifa af heimsfaraldurinn horfa til skráningar í Kauphöll. Heimilin studdu vel við bakið á Ícelandair og munu fagna fleiri nýskráningum. Ekki síst ef frumvarp **Bjarna Benediktssonar** um allt að 600 þúsund króna skattaafslátt fyrir hjón af arði og söluhagnaði af skráðum félögum, nær fram að ganga.



Stærsta gámaflutningaskip heims við höfn í Bretlandi



Gámum staflað á þilfar Champs Elysee í Southampton. Skipið er í eigu hins franska CMA CGM og var afhent í október. Stærsta skipasmíðastöð heims, China State Shipbuilding Corporation, sá um smíðina. Skip af þessari gerð eru stærstu gámaflutningaskip sem smíðuð hafa verið, geta siglt með 23 þúsund 20 feta gáma um borð, eru 220 þúsund tonn fulllestuð, um 400 metrar á lengd og knúin með jarðgasi (e. LNG). FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skattlagning jólagjafa



Jón Elvar Guðmundsson lögmaður og meðeigandi á LOGOS

1 Nú er runninn upp sá tími árs sem veldur árlegum taugatitringi hjá mörgum, ekki spurningin um það hvað eigi að gefa makanum í jólagjöf heldur hvernig ríkisvaldið skattleggi gjöfina. Lög um tekjuskatt eru þögl um jólagjafir, svona að mestu. Þau tiltaka að gjafir séu skattskyldar, þar með taldar gjafir til nákominna ættingja, en undanskilja allranáðarsamlegast tækifærisgjafir enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

Ekki er ljóst hvað þetta þýðir, en þetta tekur til jólagjafa. Ekki minnkar taugatitringur undirritaðs við þá uppgötvun og ýmsar spurningar vakna. Skyldi vera þörf á viðtækri samanburðarrannsókn til að finna út almenn verðmæti jólagjafa, kannski á meðal nágannna? Það er ekki einfalt samtal að spyrja nágannana að því hve dýrar gjafir

þeir gefa mökum sínum. Hvað með börnin, er óhætt að gefa þeim eitt hvað umfram kerti og spil? Hvað skyldu lögin nú segja um þessi samskipti heimilisfólks?

2. Eftir ítarlega leit í lögum um tekjuskatt finnast engar frekari leiðbeiningar um skattskyldu jólagjafa. Það kom þó í ljós að í lögnum er kveðið á um að ef öðru hjóna verður það að að búa erlendis þá sé skattskilyt það „framfærslufé“ sem það kann að útvega því sem hér býr. Orðalag laganna virðist skýrt – ef árið væri 1820 eða fyrr. Það sem meira er, lögin segja framfærslufé frá öðru hjóna skattskilyt þó ekki sé hægt að sanna tilvist þess, jú, þá er skattfyrirvöldum heimilt að áætla hvað sé sanngjarnt og hæfilegt í þessum ráðstöfunum á milli maka.

Nú fór höfundur að ókyrrast verulega. Ef skattfyrirvöld geta áætlað framfærslu maka og skattlagt hana er þá ekki næsta víst að þau geti líka áætlað skattskyldar jólagjafir hjá þeim sem fá lítið eða ekkert í jólagjöf frá makanum? Ef það er rétt þá vandast málið enn frekar því þá þarf að hitta á nákvæma fjárhæð. Hún má hvorki vera hærri né lægri en verðmæti tækifærisgjafar – eins og almennt gerist.

Höfundur minntist þess þá að

hafa beðið konu sína um að kaupa epli, sem enginn annar á heimilinu borðar. Skyldi það leiða til skattskyldrar framfærslu, eða á það bara við ef makinn býr erlendis?

3. Það er skammur tími til jóla og með taugarnar þandar tók undirritaður til við að leita í framkvæmd. Það skilaði litlu – og þó. Í deilu frá 2010 gerði maki kröfu um að fá ívilnun í sköttum vegna framfærslu eiginkonu. Með ítarlegum rökstuðningi, meðal annars með vísan til þess að ívilnun væri ekki ætlað að eiga við vegna framfærslu „skylduómaga“, þá var kröfu mannsins hafnað.

Í deilu frá 1989 reyndi skattstjóri hins vegar að áætla konu framfærslufé sem hafði gerst það djörf að ganga í hjúskap með manni sem bjó erlendis. Skatturinn taldi hana ekki hafa gert nægilega skilmerkilega grein fyrir framfærslu sinni og framfærslufé frá maka. Álagningin náði reyndar ekki fram að ganga vegna formgalla. Í tveimur öðrum deilum frá 1987 fundust sambærileg mál um framfærslufé.

4. Leitinn hélt áfram. Fáar vísbendingar komu upp á yfirborðið þrátt fyrir þrotlausa leit en einstaka fornleifar komu í ljós. Árið 2000 tók sveitarfélag upp á því að gefa nýfæddum börnum 100 þúsund krónur. Það

Það er augljóslega öruggast að gefa mökunum ekki neitt – allavega lítið.

var skattlagt. Árið 1994 fengu hjón að gjöf landspildu í fertugsafmælisgjöf að verðmæti tæplega 80 þúsund á mann – skattskyld samkvæmt skattstjóra en álagning var felld úr gildi sökum formgalla.

5. Niðurstaðan? Undirritaður treysti sér ekki í að yfirheyra nágannana um hvað þeir gæfu mökum sínum mikil verðmæti í jólagjöf. Það er augljóslega öruggast að gefa mökunum ekki neitt – allavega lítið. Börnin, þau geta fengið smádót í skóinn án áhættu. Hins vegar eru leikjatölvur og álika verðmæti í gjafir ákveðið hættuspil. Sennilega er öruggast að bera allar gjafir undir ríkisskattstjóra áður en þær eru gefnar. En það krefst undirbúnings, erfitt stuttu fyrir jól.

Svo þarf að taka til sérstakrar skoðunar þetta með framfærslufé – undirritaður eru svo heppinn að geta talist til skylduómaga útí vinnandi, harðduglegs maka og hefur eflandi oft notið góðs af því án þess að telja framfærslufé fram til tekna.

Íslenskar grænar lausnir og tækifærin erlendis



Kamma Thordarson verkefnastjóri kynninga hjá Grænvangi

Á hugi á loftslagsmálum hefur aukist mikið síðustu ár. Kallað er eftir grænni endurreisn hagkerfis heimsins eftir faraldurinn og stjórnvöld setja sér sifellt metnaðarfullri markmið í von um að skapa sjálfbær samfélög til framtíðar.

Til að ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi þarf að

gjörbreyta framleiðsluháttum og neysluvenjum. Á heimsvísu er meira en 80% af frumorkuþörf enn mætt með jarðefnaeldsneyti og ljóst að það er ekki sjálfbært. Orkuþörf eykst jafnframt hratt vegna gríðarlegrar fólksfjölgunar, vaxandi millistétta fjölmennra ríkja og aukinnar rafvæðingar í þróunarríkjum. Það skiptir miklu að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku strax og mæta vaxandi orkuþörf á sjálfbæran máta.

Á sviði orkuskipta til rafmagnsframleiðslu og húshitunar hafa Íslendingar miðlað reynslu sinni erlendis með ráðgjöf og þátttöku í verkefnum út um allan heim. Frekari útflutningur slíkra grænna lausna er jákvæður fyrir Ísland og heiminn.

Grænvangur og Íslandsstofa munu

nota vörumerkið Green by Iceland til markaðssetningar íslenskra, grænna lausna erlendis.

Meginmarkmið Green by Iceland er að Ísland verði þekkt fyrir grænar lausnir og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Til þess að ná meginmarkmiði sínu ætlar Green by Iceland að vinna að þremur undirmarkmiðum:

- Að Ísland verði þekkt fyrir sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda.
- Að Ísland verði þekkt fyrir markmið sitt um að verða kolefnishlutlaust fyrir 2040.
- Að auka vitund um sérfræðipækkingu Íslendinga í að minnka kolefnislosun með nýtingu endurnýjanlegrar orku og hringrásarlausna.

Hringrásarlausnir nýta auðlindir betur en tíðkast almennt. Íslendingar standa framarlega í fullnýtingu sjávarafurða og fjölnýtingu jarðvarma.

Lögd verður áhersla á að kynna sérfræðipækkingu Íslendinga á fjór-um sviðum til útflutnings: Í nýtingu jarðvarma og vatnsafls, uppsetningu raforkumannvirkja og nýsköpun á sviði bindingar, nýtingar og förgunar kolefnis. Ísland hefur skapað sér gott orðspor á þessum sviðum.

Á morgun, fimmtudag, kynnrir Grænvangur vörumerkið á streymisviðburðinum Green by Iceland og tækifærin fram undan, íslenskar, grænar lausnir geta skipt sköpum í baráttunni við loftslagsvána.

Ný vefsíða litur dagsins ljós með

leitarvél sem heldur utan um íslenskar grænar lausnir til útflutnings, upplýsingar um íslenska orkuþekkingu og nýsköpun, auk hringrásarsagna úr atvinnulífi og umfjöllun um metnaðarfullt markmið Íslands um Kolefnishlutleysi 2040.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, flytur ávarp og opnar nýjan vef Green by Iceland. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og stjórnanformaður Grænvangs, og Eggert Benedikt Guðmundsson, forstöðumaður Grænvangs, flytja einnig erindi. Þá verður vefurinn kynntur ásamt innslögum frá Orkuklasanum, Carbfix, Landsvirkjun og sendiráðum Íslands í Kína, Japan, Bretlandi og Bandaríkjunum.

FRÁBÆR JÓLAGJÖF



Gefðu skemmtilega matarupplifun

Gjafabréf sem gildir á **fimm** af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur

Gjafabréfin gilda á: Fjallkonan Krá & Kræsingar, Tapasbarinn, Sæta Svinið Gastropub, Sushi Social og Apotek Kitchen+Bar.

Þú velur upphæð, 5.000, 10.000, 15.000, 20.000 eða 25.000 kr. og viðtakandi velur hvar og hvenær hann vill nýta gjafabréfið.

Gjafabréfin fást á **stöðunum fimm** og á **gefum.is**



FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

fjallkona.is



tapas.is



saetasvinid.is

sushi)
social

sushisocial.is

APOTEK
KITCHEN+BAR

apotek.is

SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Stormsveitir hálandisins

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp um stofnun Hálandisþjóðgarðs. Eflaust munu mest átök snúa að því hvernig fara skuli með orkunýtingarkosti innan fyrirhugaðs þjóðgarðs. Hins vegar vekur líka athygli að frumvarpið, eins og það lítur út núna, skapar í besta falli óljósan ramma utan um þær hömlur sem settar verða á nýtingu landsvæðis þjóðgarðsins. Öll raunveruleg útfærsla verður í höndum ráðherra og því hættu á að langtímastefnumótun um orkunýtingu og aðrar framkvæmdir verði fyrir bi.

Einnig verður komið á fót nýrri stétt embættismanna, þjóðgarðsvaraða, sem munu hafa miklar heimildir til valdbeitingar. Í 28. grein frumvarpsins segir að þjóðgarðsvörðum og landvörðum sé heimilt að stöðva för fólks og farartækja um Hálandisþjóðgarð ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir brot á ákvæðum laga. Í 18. grein laganna segir svo að gestum Hálandisþjóðgarðs sé skylt að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvaraða.

Grundvöllur valdbeitingarheimilda þjóðgarðsvaraða verður svo útfærður í reglugerð af ráðherra. Meðal annars sem verður útfært af ráðherra verður umferð gangandi vegfarenda um þjóðgarðinn og ráðherra mun einnig ákveða í reglugerð á hvaða vegum er heimilt að aka. Sem þýðir að allur akstur um hálandið er bannaður, nema þar sem hann er sérstaklega leyfður.

25. grein frumvarpsins er svohljóðandi: „Þjóðgarðsverði er heimilt að loka Hálandisþjóðgarði eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust telji hann að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum, landslagi eða menningarminjum, ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvárs eða eflökun er nauðsynleg af öðrum ástæðum til að tryggja öryggi gesta.“ Hér yrði einni manneskju gert kleift að loka hálandinu í heild sinni, nánast af hvaða ástæðu sem viðkomandi dettur í hug. En hvað gerist ef ferðalangar eða aðrir sinna ekki tilmælum þjóðgarðsvaraða? 30. grein frumvarpsins svarar þeirri spurningu – óhlýðni við fyrirskipanir þjóðgarðsvaraða, sama á hversu veikum grunni þær eru byggðar, varðar allt að tveggja ára fangelsi.

Verndun hálandisins er mikilvægt og gott mál. Hins vegar má setja spurningarmerki við þá hugmynd að setja á fót stormsveit þjóðgarðsvaraða sem hafa lögregluvald gagnvart þeim sem stíga fæti inn í þjóðgarðinn, til dæmis með því að geta gert allar mannaferðir óheimilar án fyrirvara. Erfitt er að verjast þeirri hugsun að höfundar frumvarpsins hafi sótt innblástur í nýlegar reglugerðir um sóttvarnir.

Salan eykur virði um 1,4 milljarða

Verðmat Jakobsson Capital á Símanum jókst um 1,4 milljarða króna við sölu á upplýsingatækni fyrir tækinu Sensa. Samkvæmt verðmatinu er Síminn metinn á 61,8 milljarða króna eða 7,3 krónur á hlut. Gengi félagsins var 7,98 við lok markaðar í gær.

